

Raunvísindastofnun Háskólans  
DUNHAGA 3. REYKJAVÍK.

RH-79-06

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI  
1950–1959

eftir  
EYSTEIN TRYGGVASON  
NORRÆNU ELDFJALLASTÖÐINNI  
REYKJAVÍK

Reykjavík 1979



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli	1
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1950	3
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1951	6
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1952	8
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1953	17
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1954	27
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1955	42
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1956	62
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1957	70
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1958	74
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1959	84



## FORMÁLI

Yfirlit yfir jarðskjálfta á Íslandi árin 1950-1959, sem hér birtist er að mestu með sama sniði og fyrri yfirlit yfir jarðskjálfta 1930-1939 (E. Tryggvason 1978a) og 1940-1949 (E. Tryggvason 1978b). Söfnun gagna fór að mestu fram á Veðurstofu Íslands, þegar höfundur var þar starfandi, á árunum 1952-1960. Samtímaheimildir úr dagblöðum eru minna notaðar í þessu yfirliti, en þeim fyrri, en í staðinn koma meiri heimildir, sem safnað var jafnóðum með símtölum og bréfum. Þegar jarðskjálftar fundust í einhverjum landshluta, voru send dreifibréf með fyrirspurnum um skjálftana til margra einstaklinga á því landsvæði, þar sem líkur voru taldar á að skjálftarnir hefðu fundist. Þessi dreifibréf heimtuðust vel og komu þar til skila miklar upplýsingar, sem annars hefði ekki náðst til. Ég vil færa fram þakkir til þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem þannig stuðluðu að því að þetta yfirlit gæti orðið sem fullkomnast.

Starfræksla jarðskjálftamæla á Íslandi tók miklum breytingum á árunum 1950-1959. Í upphafi tímabilsins voru enn í notkun í Reykjavík sömu tveir gömlu jarðskjálftamælarnir, sem starfræktir höfðu verið af Veðurstofu Íslands síðan 1925. Annar þeirra kom til landsins árið 1909, en hinn árið 1913 og voru þeir þá starfræktir til ársins 1914 á kostnað alþjóðlegra samtaka jarðskjálftafræðinga, er hafði aðsetur í Strasbourg. Þessir mælur sýndu láréttar hreyfingar, annar í norður-suður stefnu, hinn í austur-vestur stefnu, og margfölduðu þeir hreyfingar jarðarinnar allt að 100-falt.

Nýr mælur var tekinn í notkun 21. febrúar 1951 í Reykjavík og mælur hann lóðréttar hreyfingar, sem hann margfaldar allt að 4000 sinnum. Við komu þessa mælis fjölgaði mjög þeim skjálftum, sem mældust, en enn voru jarðskjálftamælur hvergi á landinu, nema í Reykjavík.

Nýir mælur til mælinga á láréttum hreyfingum voru teknir í notkun í Reykjavík 10. október 1952, en jafnframt

var hætt starfrækslu gömlu mælanna, sem höfðu verið notaðir síðan 1925. Þessir mælar sköpuðu möguleika til að ákvarða miklu betur en áður stefnu frá Reykjavík til jarðskjálftaupptaka, auk þess sem fjarlægð upptakanna varð nú ákvörðuð með meira öryggi en fyrr.

Á Akureyri var settur upp árið 1954 annar gamli jarðskjálftamælirinn, sem áður var í Reykjavík og hófst starfræksla hans 13. júlí. Við það bötnuðu mjög möguleikar til að ákvarða hvar jarðskjálftar áttu upptök, þar sem nú mátti ákvarða fjarlægð upptakanna frá tveimur stöðum, Reykjavík og Akureyri, og auk þess ónákvæma stefnu til upptakanna frá Reykjavík.

Í Vík í Mýrdal var staðsettur hinn gamli jarðskjálftamælirinn og hófst starfræksla hans 1. júlí 1955.

Loks var nýr jarðskjálftamælir settur niður á Kirkjubæjarklaustri árið 1958 og hófust mælingar þar 3. júlí. Þessi mælir sýnir lóðréttar hreyfingar og margfaldar hreyfingar jarðarinnar allt að 10000 sinnum.

Þessi fjölgun jarðskjálftamæla, þar sem nýju mælarnir voru miklum mun næmari, en þeir gömlu, olli því að miklu fleiri jarðskjálftar mældust. Þó var enn meiri fjölgun þeirra skjálfta, þar sem unnt var að staðsetja upptökin. Af þessum sökum var ekki talið fært að telja hér upp alla þá skjálfta innan 400 km fjarlægðar frá Reykjavík, sem greinilega mældust, eins og gert var í fyrri yfirlitum (E. Tryggvason 1978a og 1978b), heldur var valinn sá kostur að geta aðeins þeirra skjálfta, sem mældust yfir 3 að stærð, en nefna ekki þá, sem minni voru, nema þeir hefðu fundist einhvers staðar á landinu.

Tími jarðskjálftanna er gefinn eftir þeim heimildum, sem notaðar eru. Það tíðkaðist að flýta klukkunni um einn klukkutíma á sumrin (sumartími), en skýrslur um jarðskjálftamælingar nota allar "Greenwich mean time", GMT, sem er jafn sumartíma. Stundum er þess getið, að um sumartíma sé að ræða, en þó ekki alltaf, enda stundum vafamál hvaða klukku var miðað við í heimildum.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1950

50 - 1. 4. febrúar 1950. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 9 smáskjálfta, sem allir áttu upptök í um 20 km fjarlægð. Þessir voru mestir (S.B. 1950):

- a P 18:08:20 (GMT) (stærð 3)
- b P 18:20:47 (GMT) (stærð 3)

50 - 2. 22. febrúar 1950. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina smáhræringu (S.B. 1950):

P 09:35:06 (GMT)

Fjarlægð upptakanna virðist helzt hafa verið um 10 km, en getur hafa verið nokkru meiri, allt að 35 km.

50 - 3. 5. apríl 1950. Í Grindavík fundust þrjár vægir og stuttir jarðskjálftakippir. Sá fyrsti fannst kl. að ganga tólf (á hádegis) og hinir kl. 14:44 og 14:45. Hver þeirra stóð yfir um 3 sek. og þeir virtust koma úr norð-norðaustri (B.V. 1950). Þessir skjálftar mældust ekki í Reykjavík.

50 - 4. 22. apríl 1950. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár jarðhræringar (S.B. 1950):

- a P 03:51:26 (GMT) (stærð 3 1/4)
- b P 05:37:14 (GMT) (stærð 3)
- c P 12:04:46 (GMT) (stærð 3 1/4)

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í rúmlega 30 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega nálægt Hveragerði, samanber það sem hér fer á eftir.

50 - 5. Apríl 1950. Um nokkurt skeið fyrir 25. apríl varð vart nokkurra jarðhræringa í Hveragerði. Sumar hræringarnar voru allsterkar og varð þeirra einnig vart í sveitinni í kring. Engar skemmdir urðu og ekki varð vart breytinga á hverum (Mb. 26. apríl 1950). Sennilegt

er, að jarðhræringar þær sem mældust í Reykjavík 22. apríl hafi verið meðal þeirra, sem fundust í Hveragerði.

50 - 6. 14. júní 1950. Í Skíðaskálanum í Hveradölum á Hellisheiði fannst mjög snarpur jarðskjálfti kl. 08:37. Jarðskjálfti þessi fannst einnig í Hveragerði, Nesjavöllum í Grafningi og í Reykjavík. Var hann talinn talsvert snarpur í Hveragerði, en vægur í Reykjavík (V. 1950). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1950):

P 09:36:58 (GMT) (stærð 4)  
S 37:02

Upptök skjálftans virðast hafa verið í rúmlega 30 km fjarlægð frá Reykjavík, trúlega mjög nálægt Hveradölum.

50 - 7. 19. júlí 1950. Vægur jarðskjálfti fannst í Reykjavík laust eftir kl. 5:30 (sumartími, kl. 4:30 samkvæmt íslenskum miðtíma). Sumir töldu skjálftann snarpan og ýmsir vöknudu við hann (Sím. 1950). Jarðskjálfti þessi fannst víða um Suðurland, t.d. í Nesjum í Grafningi (Sím. 1950), Hveragerði, en þar var hann talinn snarpur (Sím. 1950), Laugardælum í Flóa (B.V. 1950), Ásólfsskála undir Eyjafjöllum (Sím. 1950), Vestmannaeyjum (Sím. 1950, Ví. 20. júlí 1950), Vík í Mýrdal (Sím. 1950, Ví. 20. júlí 1950) og á Eyrarbakka (V.b. 1950). Aftur á móti fannst jarðskjálftinn ekki í Grindavík (B.V. 1950) og ekki er vitað að hann hafi fundizt í Biskupstungum, Laugardal eða á Þingvöllum (V. 1950). Eftir þennan skjálfta sendi Veðurstofan dreifibréf til manna víðsvegar um suðvestanvert landið, þar sem óskað var svara við nokkrum spurningum varðandi jarðskjálftann. Aðalatriði þeirra svarbréfa sem bárust fara hér á eftir: Á Kirkjubæjarklaustri fannst jarðskjálftinn ekki og ekki er vitað að hann hafi fundizt nokkurs staðar austan Mýrdalssands. Í Suður-Vík í Mýrdal fannst jarðskjálftinn sem snöggur kippur, varaði um hálfu mínútu og virtist koma úr norðaustri. Jarðskjálft-



inn fannst einnig í Reynisdal. Á Loftstöllum í Mýrdal fannst aðeins hræring. Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum fannst jarðskjálftinn mjög óljóst um kl. 5:35, stóð í 1-2 sek. Í Vatnahjáleigu í Austur-Landeyjum fannst jarðskjálftinn óljóst, þó glamraði í lausum glermunum. Fannst einnig í Alftarhól. Í Hemlu í Vestur-Landeyjum vöknuðu allir við jarðskjálftann, sem varaði nokkrar sekúndur. Á Ketilsstöðum í Holtahreppi vöknuðu allir við skjálftann, sem stóð um 30 sek. Í Seli í Ásahreppi virtist jarðskjálftinn koma úr austri og stóð hann 5-10 sek. Þar vöknuðu 4 af 10 og glamraði í lausum munum, sem héngu á vegg. Í sumar-bústað rétt austan við Sel í Ásahreppi heyrðist mikill undirgangur fyrir austan bústaðinn rétt áður en jarðskjálftinn fannst. Þar glamraði í eldhúsmunum, en ekkert hreyfðist úr stað. Á Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi fannst snöggur kippur. Fannst einnig í Fosnesi og Ásum. Í Hlíð í Hrunamannahreppi varaði skjálftinn drykklanga stund og virtist koma úr aust-suðaustri. Fannst einnig á Jaðri og víðar. Í Vorsabæ í Skeiðahreppi fannst nokkur titringur, sem virtist koma úr austri. Sumir vöknuðu. Á Mosfelli í Grímsnesi fannst jarðskjálftinn ekki og ekki á Torfastöðum í Biskupstungum, né annars staðar í sveitinni, og ekki á Þingvöllum. Í Hraungerði í Hraungerðis-hrepp vöknuðu margir við jarðskjálftann og glamraði í lausum munum. Svo virðist sem jarðskjálftinn hafi verið vægari í nágrenni Hraungerðis en sunnar og vestar í Flóa. Á Eyrarbakka vöknuðu margir við jarðskjálftann, sem virtist koma úr austri og varaði um 5 sek. Myndir skekktust. Fannst einnig á Gamlahrauni. Í Hveragerði fundu allflestir íbúar þorpsins jarðskjálftann og margir vöknuðu. Talsvert glamraði í lausum munum. Skjálftinn fannst á flestum bæjum í Ölfusi, heldur vægari en í Hveragerði (B.V. 1950). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1950):

P 05:36:03 (GMT) (stærð 4 3/4)

S 36:10

Upptök skjálftans munu hafa verið í um 60 km fjarlægð frá Reykjavík, í austanverðum Flóa.

50 - 8. 10. september 1950. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær litlar jarðhræringar (S.B. 1950):

- a P 16:38:05 (GMT) (stærð 3 1/4)
- S 38:14
- b P 19:30:01 (GMT) (stærð 3)

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í 70-80 km fjarlægð frá Reykjavík, en þau eru ekki kunn að öðru leyti.

50 - 9. 1. nóvember 1950. Í Reykjavík og Hafnarfirði fannst vægur jarðskjálfti um níu leytið um kvöldið (Vís. 2. nóv. 1950). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo litla skjálfta (S.B. 1950):

- a P 22:00:59 (GMT) (stærð 3 1/4)
- b P 22:12:10 (GMT) (stærð 3)

Upptökin virðast hafa veið í 10-20 km fjarlægð frá Reykjavík.

#### JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1951

51 - 1. 8. marz 1951. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær jarðhræringar (S.B. 1951):

- a P 12:30:41 (GMT) (stærð 2 3/4)
- b P 16:37:48 (GMT) (stærð 4)
- S 37:55

Upptök þessara skjálfta munu hafa verið í um 55 km fjarlægð frá Reykjavík.

51 - 2. 12. apríl 1951. Lítil jarðskjálftahrina hófst kl. 04:28 (GMT) þann 12. apríl og stóð hún yfir til 15.

apríl. Alls mældust í Reykjavík 8 skjálftar í hrinunni og voru þeir mestu um 3 að stærð. Fjarlægð upptakanna frá Reykjavík var um 40 km (S.B. 1951). Smáskjálftar með upptök í svipaðri fjarlægð frá Reykjavík mældust einnig 18. apríl, 23. apríl og 26. apríl (S.B. 1951) og má sennilega telja þá með hrinunni sem hófst 12. apríl.

51 - 3. 16. júlí 1951. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár jarðhræringar (S.B. 1951):

a	P	10:56:25	(GMT)	(stærð $3\frac{1}{2}$ )
	S	56:42		
b	P	11:00:32	(GMT)	(stærð $3\frac{3}{4}$ )
	S	00:51		
c	P	11:12:22	(GMT)	(stærð $3\frac{1}{2}$ )
	S	12:42		

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík.

51 - 4. 4. ágúst 1951. Í Ölfusi fannst vægur jarðskjálfti kl. 17:44 (V. 1951). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan skjálfta (S.B. 1951):

P	18:44:12	(GMT)	(stærð 3)
S	44:16		

Upptök skjálftans munu hafa verið í um 35 km fjarlægð frá Reykjavík.

51 - 5. 16. desember 1951. Vægur Jarðskjálfti fannst í Grindavík kl. 14:48. Stóð hann yfir um 2 sek. og virtist hreyfingin vera frá vestri til austurs (B.V. 1951). Skjálftinn sást óljóst á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík kl. 15:51:43 (GMT), en var svo smár (stærð  $2 - 2\frac{1}{2}$ ) að fjarlægð til upptakanna varð ekki ákvörðuð.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1952

52 - 1. 15. febrúar 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina litla jarðhræringu (S.B. 1952, V. 1952):

P 02:30:37 (GMT) (stærð 3,3)

Upptök hræringarinnar hafa sennilega verið í 180-200 km fjarlægð frá Reykjavík, e.t.v. á sama stað og skjálftinn 16. febrúar 1952.

52 - 2. 16. febrúar 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1952, V. 1952):

P 12:41:12 (GMT) (stærð 3.9)

Upptök þessarar hræringar voru í um 180 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 3. 12. marz 1952. Allmikill jarðskjálfti fannst um suðvestanvert landið kl. 11:13. Upplýsingar þær sem hér fara á eftir eru að mestu byggðar á símtölum, sem ýmsir aðilar áttu við Veðurstofuna þegar eftir jarðskjálftann.

Í Krísuvík var jarðskjálftinn talinn mjög snarpur, en þó urðu þar engar skemmdir. Þetta var langsnarpasti jarðskjálftakippur, sem þar hafði fundizt síðan þar var byggt að nýju, mikið snarpari en kippurinn í júní 1948. Virtist skjálftinn koma úr norðri.

Í Keflavík taldi Ragnar Halldórsson jarðskjálftann svo snarpan, að hann var hræddur um skemmdir á húsum. Ljósakrónur sveifluðust frá suðvestri til norðausturs. Skjálftinn stóð 6-10 sekúndur.

Í Grindavík var kippurinn talinn hægur og stóð hann í 4-5 sek. Virtist hann koma úr norðvestri eða norð-norðvestri. Aðeins brakaði í húsum (B.V. 1952).

Í Þorlákshöfn fannst kippurinn greinilega. Þaðan var verið að tala í síma til Reykjavíkur og varð skjálftans vart samtímis á báðum stöðum.

Í Hveragerði var kippurinn vægur og fundu sumir hann, en ekki allir.

Í Hraungerði í Flóa fannst kippurinn greinilega svo að hrikkti í húsum (timburhús). Jarðskjálftinn fannst ekki á tveimur næstu bæjum, Lambastöðum og Skeggjastöðum.

Á Birnustöðum á Skeiðum fann Hafliði Sigurbjarnason smátitring, þar sem hann lá á dívan (B.V. 1952)

Í Reykjavík og Hafnarfirði var jarðskjálftinn snarpur, sennilega V stig. Maður í Reykjavík var að tala í síma við konu sína í Hafnarfirði og hafði konan orð á jarðskjálfta um 4 sekúndum áður en maðurinn fann hann í Reykjavík.

Í Stardal í Kjalarneshreppi var kippurinn greinilegur, en ekki sterkur, og virtist hann koma úr austri.

Á Akranesi fannst kippurinn mjög greinilega.

Á Hvanneyri fannst hann ógreinilega.

Í Borgarnesi fannst greinilegur kippur og virtist hann koma úr suðri og á Rauðanesi við Borgarnes var kippurinn talinn vægur og virtist koma úr suðaustri.

Á Svignaskarði virtist kippurinn koma úr suðvestri.

Hann fannst á fáum bæjum í nágrenninu.

Í Hvammi í Norðurárdal fannst skjálftinn ógreinilega.

Frá Haukatungu í Kolbeinsstaðahreppi var símað, að kippurinn hefði fundizt á Snorrastöðum, Flesjustöðum og Görðum og að sums staðar hafi glamrað í leirtaui og fólk, sem var úti, fann hann.

Á Dagverðará við Arnarstapa fannst kippurinn óljóst.

Á Svelgsá í Helgafellssveit fannst jarðskjálftinn, en var mjög vægur.

Í Búðardal fundu nokkrir menn kippinn.

Á Hamraendum í Dalasýslu fannst jarðskjálftinn (V.s. 1952).

Í Fagradal og Fossi á Skarðsströnd fannst örlítil hræring (B.V. 1952).

Upplýsingarnar hér að ofan benda til, að jarðskjálftinn hafi verið snarpastur í Krísuvík, sennilega VI - VII stig, en um V stig í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík, þó sennilega ívið snarpari í Keflavík. Áhrif skjálftans hafa verið III - IV stig í Grindavík, hluta af Árnessýslu (Ölfus,

vestanverðum Flóa og e.t.v. í Grímsnesi), í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, miklum hluta Mýrarsýslu og e.t.v. á sunnanverðu Snæfellsnesi og syðst í Dalasýslu.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann og tvo mjög smáa eftirskjálfta (S.B. 1952):

- a P 12:13:14 (GMT) (stærð 5.2)
- b P 12:18:03 (GMT)
- c P 12:33:26 (GMT)
- S 33:29

Aðalskjálftinn var of mikill til að hægt væri að ákvarða fjarlægð upptakanna frá Reykjavík, en eftirskjálftarnir, sem að stærð voru vart meira en 2, bentu til 25-30 km fjarlægðar. Auk þessa sýndu mælarnir, að fyrsta hreyfing skjálftans var til suðurs, vesturs og niður, en það þýðir að upptökin hafa verið sunnan og vestan Reykjavíkur. Sú staðreynd, að jarðskjálftans varð mjög vart í Krísuvík og Keflavík, en miklu minna í Grindavík, bendir til að upptökin muni hafa verið í norðvestur frá Krísuvík, e.t.v. nálægt Keili.

52 - 4. 19. - 20. marz 1952. Í Krísuvík fannst vægur jarðskjálfti kl. 21:26 þann 19. marz. Annar jarðskjálfti, III stig, fannst þar kl. 02:51 þann 20. marz og sá þriðji, IV stig, kl. 04:35, 20. marz. Í Reykjavík fannst mjög væg jarðhræring, II stig, kl. 04:35 þann 20. marz (V. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls fimm jarðhræringar (S.B. 1952):

- a P 14:35:10 (GMT, 19. marz) (stærð 2.6)
- b P 22:26:09 (GMT, 19. marz) (stærð 2.9)
- c P 03:50:43 (GMT, 20. marz) (stærð 2.8)
- d P 05:35:03 (GMT, 20. marz) (stærð 3.4)
- d P 12:37:51 (GMT, 20. marz) (stærð 2.7)

Skjálftar þessir áttu upptök í tæplega 30 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega mjög nálægt Krísuvík, nema fyrsti skjálftinn, sem átti upptök lítið eitt fjær frá Reykjavík.

52 - 5. 2. - 3. apríl 1952. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 16:25 þann 2. apríl og annar, II stig, kl. 04:50 þ. 3. apríl (V.s. 1952). Á Sandi í Aðaldal fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 16:20, 2. apríl (V.s. 1952). Á Akureyri fannst jarðskjálftakippur kl. 16:25, 2. apríl (V.s.b. 1952). Á Siglunesi fannst snöggur landskjálfti, III stig, kl. 4:25 (16:25) þann 2. apríl. Einnig fannst jarðskjálftinn á Ólafsfirði (S.B. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu kippinn sem fannst 2. apríl, en ekki þann sem fannst á Húsavík 3. apríl (S.B. 1952):

P 17:25:27,3 (GMT) (stærð 3.9)

Fjarlægð upptakanna frá Reykjavík hefir sennilega verið um 280 km og þau legið á skaganum milli Skjálfanda og Eyjafjarðar, eða þar skammt norður af.

52 - 6. 26. apríl 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1952):

P 00:01:54,3 (GMT, 27. apríl) (stærð 4.1)

S 02:17

Upptök jarðskjálftans voru í um 170 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 7. 16. maí 1952. Talsverður jarðskjálftakippur fannst á Suðvesturlandi kl. 13:32 (V. 1952). Í Krísuvík var jarðskjálftinn talinn mjög snarpur, svo að þung húsgögn færðust úr stað og leirtau hrundi úr skápum og brotnaði. Einnig brotnuðu rör í gróðurhúsi og sprungur komu í vegg í íbúðarhúsi bústjórans. Eftir þennan snarpasta kipp komu margir minni skjálftar, sumir allsnarpir. Um kl. 15:30 var Jens Hólmgeirsson beðinn að skrifa niður þá jarðskjálftakippi, sem hann fyndi í Krísuvík og á næstu 6 klukkutímum fann hann 23 kippi, þar af var einn, kl. 15:53, talinn allsnarpur, en 9 (kl. 15:38, 15:40, 15:52, 17:24, 17:32, 17:33, 17:35, 17:42 og 18:02) voru taldir smákippir og 13 voru nefndir "hræringar".

Síðan fundust minni og strjálfi kippir til kl. 01:30 næsta dag (Sím. 1952).

Í Reykjavík var jarðskjálftinn kl. 13:32 talinn snarpur, styrkleiki um V stig. Flestir Reykvíkingar fundu kippinn (Sím. 1952). Í Keflavík fannst snarpur jarðskjálfti kl. 13:34 (Sím. 1952). Í Grindavík fannst hægur jarðskjálfti kl. 13:32, sem stóð um 3 sek. og virtist koma úr vestri eða vest-norðvestri. Ekkert hrikkti í húsum. Styrkleiki III stig (B.V. 1952). Jarðskjálfti þessi mun hafa fundizt um heldur minna svæði en sá, sem kom 12. marz 1952 (V. 1952).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 43 jarðhræringar á tímabilinu 13:32 þ. 16. maí til 03:27 þ. 17. maí og munu þeir allir hafa átt upptök mjög nálægt Krísuvík. Hér eru taldir þeir, sem voru að stærð 3 eða stærri (S.B. 1952):

a	P	14:32:23	(GMT)	(stærð 5.0)
b	P	14:39:36	(GMT)	(stærð 3.9)
	S	39:40		
c	P	14:40:18	(GMT)	(stærð 3.2)
	S	40:22		
d	P	14:40:42	(GMT)	(stærð 3.1)
	S	40:46		
e	P	15:13:16	(GMT)	(stærð 3.0)
	S	13:20		
f	P	15:26:25	(GMT)	(stærð 3.4)
	(S)	26:30		

Fjarlægð upptaka þessara jarðhræringa frá Reykjavík mun hafa verið nálægt 30 km og styrkleiki jarðskjálftanna í Krísuvík (VII-VIII stig) sýnir, að upptökin hafa verið þar mjög nálægt.

52 - 8. 18. maí 1952. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti, II-III stig, kl. 14:57 (V. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 2 jarðhræringar (S.B. 1952):

a	P	15:56:54	(GMT)	(stærð 3.3)
---	---	----------	-------	-------------



b P 15:59:42 (GMT) (mjög smár)

Upptök hræringanna hafa sennilega verið 10-15 km suður af Reykjavík.

52 - 9. 20. maí 1952. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. 08:23 (sumartími) (V.s. 1952). Skjálftinn sást ekki á mælum í Reykjavík.

52 - 10. 24. maí 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjasýndu einn lítinn skjálfta (S.B. 1952):

P 20:16:58 (GMT) (stærð 3.1)

S 17:17

Upptökin munu hafa verið í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 11. 28. maí 1952. Á Selfossi fundust 10 jarðhræringar, þar af 5 fyrir kl. 19, og voru tvær þeirra allsnarpar, en fimm eftir kl. 19, þar af ein allsnörp um kl. 22, (sumartími). Einnig fannst einn kippur 29. maí kl. 11 (R.Ú. 1952). Tími sjö skjálfta var: 10:15, 12:00, 13:20, 21:30, 22:00, 22:30 og 23:10 (SíM. 1952). Jarðskjálftar þessir fundust á mjög litlu svæði (V. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 3 smáhræringar (S.B. 1952):

a P 13:18:28 (GMT) (stærð 2.3)

S 18:37

b P 21:30:04 (GMT) (stærð 2.5)

S 30:10

c (S) 22:02:01 (GMT) (mjög smár)

Upptök jarðskjálftanna munu hafa verið í um 50 km fjarlægð frá Reykjavík og mjög nálægt Selfossi.

52 - 12. 8. júní 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

- a P 01:13:10 (GMT) (stærð 3.4)
- b P 01:26:35 (GMT) (stærð 3.3)

Jarðskjálftarnir fundust hvergi, svo vitað sé, og eru því upptök þeirra ekki þekkt.

52 - 13. 8. júní 1952. Í Grindavík varð vart jarðskjálfta kl. 12:50 (sumartími), sem stóð um 4 sek. Skjálftinn var snarpari í Járngerðarstaðahverfi en austar í vikinni. Stefnan virtist úr suðaustri. Annar minni kippur fannst í Járngerðarstaðahverfi kl. 13:35 (B.V. 1952, Síml. 1952). Jarðskjálftar þessir sáust á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík (S.B. 1952):

- a P 12:52:56 (GMT) (stærð 3.0)
- b (P) 13:35:28 (GMT) (stærð 2)

Upptökin verða ekki ákvörðuð eftir mælingunum, en þau munu hafa verið nálægt Grindavík.

52 - 14. 26. júní 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálftakippi með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1952):

- a P 12:11:38 (GMT) (stærð 3.1)
- b P 12:22:55 (GMT) (stærð 3.1)
- c P 13:26:48 (GMT) (stærð 3.4)
- d P 15:19:39 (GMT) (stærð 3.1)

52 - 15. 1. júlí 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1952):

- P 09:15:48 (GMT) (stærð 3.8)

Upptökin voru í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 16. 9. júlí 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

- P 10:32:25 (GMT) (stærð 3.8)

52 - 17. 10. júlí 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1952):

P 00:26:13 (GMT, 11. júlí) (stærð 3.8)

Upptökin voru í um 150 km fjarlægð, sennilega á sömu slóðum og upptök jarðskjálftanna 9/7, 1/7 og e.t.v. 26/6.

52 - 18. 27. júlí 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

P 21:35:14 (GMT) (stærð 4.3)

S 35:33

52 - 19. 1. ágúst 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

P 20:19:50 (GMT) (stærð 4.5)

S 20:09

52 - 20. 2. ágúst 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta frá sömu upptökum og daginn áður (S.B. 1952):

P 08:37:10 (GMT) (stærð 3.5)

S 37:29

52 - 21. 8. ágúst 1952. Á Siglunesi fannst vægur jarðskjálfti kl. 05:40 (sumartími), styrkleiki III stig (V.s.b. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann mjög óskýrt og mun stærð hans hafa verið  $2 \frac{3}{4}$  til 3.

52 - 22. 31. ágúst 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

P 05:32:53 (GMT) (stærð 3.3)

52 - 23. 1. september 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1952):

P 03:59:15 (GMT) (stærð 3.8)  
S 59:55

Upptökin munu hafa verið í nálægt 280 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 24. 18. september 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1952):

P 16:34:33 (GMT) (stærð 3.7)  
S 35:02

Upptök skjálftans virðast hafa verið í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík.

52 - 25. 19. október 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 3 jarðskjálfta (S.B. 1952):

a P 03:36:46 (GMT) (stærð 4.0)  
S 37:06  
b P 03:40:54 (GMT) (stærð 4.7)  
S 41:14  
c P 03:45:28 (GMT) (stærð 3.0)

Upptök þessara jarðskjálfta voru í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Nokkrar erlendar jarðskjálftamælistöðvar mældu skjálftann kl. 03:40 og voru upptökin áætluð  $63,5^{\circ}\text{N}$ ,  $19^{\circ}\text{V}$ , en það sýnir ótvírætt að þau hafi verið austan Reykjavíkur, sennilega í Mýrdalsjökli. Þessi staðsetning vekur grun um að jarðskjálftar þeir, sem mældust fyrr á árinu (26. júní til 31. ágúst), með upptök í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík, hafi átt upptök á Mýrdalsjökulssvæðinu. Viðtækar eftirgrennslanir um, hvort jarðskjálftinn 19. október hafi fundizt á Suðurlandi, báru engan árangur.

52 - 26. 23. - 24. október 1952. Í Grindavík fannst jarðskjálfti kl. 01:05 (sumartími) 24. október. Margir vöknuðu, en ekki allir. Nokkuð hrikkti í húsum. Kippurinn stóð um 2 sek. og virtist koma úr norðvestri. Styrk-

leiki IV stig. Yfirleitt virtist bera mest á jarðskjálftanum í Járngerðarstaðahverfi. Ýmsir urðu varir við 2 kippi í viðbót (B.V. 1952). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjórar hræringar (S.B. 1952):

- a P 23:30:49 (GMT, 23. okt.) (stærð 3.1)
- b P 01:03:32 (GMT, 24. okt.) (stærð 3.1)
- c P 03:11:15 (GMT, 24. okt.) (stærð 2 3/4)
- d P 13:47:02 (GMT, 24. okt.) (stærð 2 3/4)

Upptök jarðskjálftanna munu hafa verið nálægt Grindavík.

52 - 27. 30. október 1952. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1952):

- P 00:36:41 (GMT, 31. okt.) (stærð 3.5)

#### JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1953

53 - 1. 6. janúar 1953. Jarðskjálfti fannst á Tjörnesi um kl. 19. Mest varð hans vart í Ytri-Tungu og brakaði þar í húsum, en einnig fannst hann í Breiðuvík, Héðinshöfða og Bakka (sím. 1953). Í Ytri-Tungu fundu jarðskjálftann allir þeir, sem staddir voru innan húss, en úti varð hans lítið vart (E. Tryggvason, 1954). Jarðskjálfti þessi mældist ekki í Reykjavík.

53 - 2. 4. febrúar 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1953):

- P 23:37:28 (GMT) (stærð 3.5)

Upptök skjálftans virðast hafa verið í um 400 km fjarlægð frá Reykjavík.

53 - 3. 10. febrúar 1953. Jarðskjálfti fannst víða um

austanvert Norðurland skömmu eftir hádegi. Spurningaeyðublöð varðandi jarðskjálftann voru send til margra einstaklinga frá Húnavatnssýslum til Múlasýslna og þau svör, sem bárust sýna að jarðskjálftinn hefir fundist sem hér segir (B.V. 1953):

Í Múlasýslum varð jarðskjálftans hvergi vart nema í Skeggjastaðahreppi, en þar fannst hann lítillega á Höfn við Bakka-fjörð, Miðfjarðarnesseli og Þorvaldsstöðum. Á Þorvaldsstöðum var styrkleikinn talinn III-IV stig, en annars staðar fannst hann einungis á efri hæðum húsa, þar sem kyrrð var.

Á Þórshöfn fannst jarðskjálftinn og var talinn III stig. Hann fannst einnig á Ytra-Lóni á Langanesi, og í Þistilfirði á Kúðá, Svalbarðsseli, Brekkukoti, Hermundarfelli, Garði, Sævarlandi, Völlum og Kollavík. Jarðskjálftinn virtist harðastur á Völlum og Kollavík, um IV stig.

Á Raufarhöfn fundu fremur fáir skjálftann (III stig), en hann fannst einnig á Harðbak og Ásmundarstöðum.

Á Kópaskeri fannst jarðskjálftinn, en var talinn mjög vægur (II-III stig). Hann fannst einnig í Garði, Efrihólum, Valþjófsstöðum og Daðastöðum í Núpasveit. Á Valþjófsstöðum glamraði lítilsháttar í leirtaui.

Í Öxarfirði fannst jarðskjálftinn á Sandfellshaga, Þverá, Akurseli, Ærlækjarseli Ærlæk, Austaralandi, Ferjubakka, Gilhaga og Skinnastað, styrkleiki III-IV stig. Á Skinnastað og Klifshaga taldi fólk sig hafa fundið hræringu fyrir hádegi sama dag.

Í Ásbyrgi í Kelduhverfi fannst jarðskjálftinn ekki, og ekki heldur á nálægum bæjum, en í Sultum varð hans lítillega vart.

Á Hólsfjöllum varð jarðskjálftans ekki vart.

Á Tjörnesi fannst jarðskjálftinn m.a. á bæjunum Breiðuvík, Máná, Voladal, Sandhólum, Mýrarkoti og Ytri-Tungu, en ekki á Ketilsstöðum. Í Ytri-Tungu var jarðskjálftinn sagður miklu lítilmótlegri en sá, sem fannst þar 6. janúar.

Á Húsavík fundu allmargir jarðskjálftann. Virtist hann meira áberandi í norðurhluta bæjarins (IV stig), en í

suðurhlutanum (III stig).

Á Þverá í Reykjahverfi fannst jarðskjálftinn greinilega (III stig) og einnig á Litlu-Reykjum og Skógum.

Á Auðnum og Birningsstöðum í Laxárdal fannst jarðskjálftinn greinilega (III stig).

Í Mývatnssveit fannst jarðskjálftinn hvergi og ekki heldur í Reykjadal né Aðaldal, þar sem spurst var fyrir.

Í Ljósavatnshreppi fannst jarðskjálftinn á bæjunum Gvendarstöðum (II stig), Staðarholti (III), Ófeigsstöðum (II), Þóróddsstöðum (III), Engihlíð (III), Hálsi (III-IV), Garðshorni (III), Hlíð (II-III), Felli (II), Finnsstöðum (III), Landamótsseli (IV), Krossi og Rauða (III-IV).

Einnig fannst jarðskjálftinn á Hrappsstöðum, Víðikeri (IV) og Svartárkoti (IV) í Bárðardal.

Í Hálshreppi fannst jarðskjálftinn í Skógum, Sigríðarstöðum og fleiri bæjum, en var mjög vægur (II-III stig).

Í Grenivík fundu aðeins örfáir jarðskjálftann (II stig).

Á Svalbarðsströnd fannst jarðskjálftinn á Gautsstöðum og var þar talinn greinilegur (III stig), en annars staðar í sveitinni fannst hann ekki.

Á Kristneshæli fundu fáir jarðskjálftann, eða 9 af 75 sjúklingum (II stig).

Á Akureyri fannst jarðskjálftinn og var talinn III stig. Ekki fannst hann í Menntaskólanum.

Á Þúfnavöllum í Skriðuhreppi fannst jarðskjálftinn ekki, en hann fannst á Öxnhóli og Hallfríðarstöðum, en ekki annars staðar í nágrenninu.

Á Dalvík fundu margir jarðskjálftann (III stig).

Á Ólafsfirði fundu jarðskjálftann margir þeir, sem staddir voru innan húss (III stig). Hann fannst einnig í sveitinni.

Á Siglufirði fundu allmargir jarðskjálftann (III stig), en á Siglunesi fannst hann ekki.

Í Grímsey fannst jarðskjálftinn á 5 bæjum og var styrkleikinn talinn III stig.

Í Skagafjarðarsýslu er hvergi getið að jarðskjálftinn hafi fundist, nema á Þorbjargarstöðum í Skefilsstaðahreppi, en

þar varð einn maður skjálftans var.

Hvergi varð jarðskjálftans vart í Húnavatnssýslum, svo vitað sé.

Jarðskjálftinn mældist í Reykjavík (S.B. 1953):

P 14:27:44 (GMT) (stærð 4.8)  
S 28:24

Samkvæmt þessum mælingum hafa upptökin verið í um 370 km fjarlægð frá Reykjavík og mælingar í Scoresbysundi á Grænlandi sýndu að fjarlægð þaðan til upptakanna var að líkindum 470-480 km. Þetta bendir til að upptökin hafi verið um 50 km norður af Tjörnesi, nálægt 66°40'N, 17°00'V (E. Tryggvason 1954). Óljósar mælingar í Kiruna í Svíþjóð eru í samræmi við upptök á þessum slóðum.

53 - 4. 25. febrúar 1953. Í Skoruvík á Langanesi vöknudu hjónin kl. 6:00 við það að húsið nötraði, hurðir skulfu og hlutir hreyfðust. Þetta stóð yfir 10-15 sek. og drundi svoleiðis í húsinu, sem þetta kæmi úr suðvestri. Töldu hjónin að þetta hefði verið jarðskjálfti (V.s.b. 1953). Ekki fannst þetta á öðrum bæjum í nágrenninu og enginn jarðskjálfti mældist í Reykjavík á sama tíma. Hugsanlegt er að hér hafi verið um að ræða grjóthrun úr björgum, eða að tundurdufl hafi rekið á land og sprungið.

53 - 5. 2. apríl 1953. Einn jarðskjálfti mældist í Reykjavík (S.B. 1953):

P 22:23:34 (GMT) (stærð 3.5)

Upptök jarðskjálftans munu hafa verið í 200-250 km fjarlægð frá Reykjavík.

53 - 6. 20. apríl 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær litlar jarðhræringar (S.B. 1953):

a S 12:09:16 (GMT) (stærð 2.6)  
b P 21:16:56 (GMT) (stærð 3.1)

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í 60-70 km fjar-



lægð frá Reykjavík.

53-7. 9. maí 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1953):

P 20:10:43 (GMT) (stærð 3.0)

Upptök þessa skjálfta voru í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Annar heldur minni skjálfti mældist daginn áður kl. 20:56, sennilega frá sömu upptökum.

53-8. 21. júní 1953. Í Síðumúla í Hvítársíðu fundust tveir jarðskjálftakippir, annar um kl. 11, hinn á milli kl. 13 og 14 (sumartími). Kippir þessir fundust einnig í ofanverðum Stafholtstungum og í Þverárhlið, en voru alls staðar mjög vægir (Sím. 1953). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu síðari skjálftann (S.B. 1953):

P 13:50:37 (GMT) (stærð 2.6)

Upptök skjálftans munu hafa verið í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík.

53-9. 16. júlí 1953. Á Húsavík fannst talsvert snarpur jarðskjálftakippur kl. 06:18 (sumartími). Vökn-uðu allmargir við kippinn, því húsgögn og aðrir hlutir hristust, en engar skemmdir urðu (Tí. 17. júlí 1953). Á Dalvík varð vart við greinilegan jarðskjálfta kl. 06:15. Jarðskjálftinn mun hafa fundist víðar á Norðurlandi (Ab. 17. júlí 1953). Jarðskjálftinn mældist í Reykjavík (S.B. 1953):

P 06:17:45 (GMT) (stærð 3.0)

Upptökin munu hafa verið í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík.

53-10. 20. júlí 1953. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti, III stig, kl. 23:20 (E. Tryggvavon 1954, V. 1953). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1953):

P 00:19:31 (GMT, 21. júlí) (stærð 4.0)

Mælingarnar benda til að upptökin hafi verið í suð-suð-vestri frá Reykjavík, í um 25 km fjarlægð.

53-11. 20. ágúst 1953. Talsverðir jarðskjálftar fundust á Suðvesturlandi. Veðurstofan dreifði eyðublöðum, þar sem óskað var eftir upplýsingum um jarðskjálftana og er það sem hér fer á eftir byggt á þeim svörum, sem bárust (B.V. 1953).

Á Eyrarbakka fannst vægur jarðskjálfti, III stig, kl. 13:10 (sumartími). Fólk á engjum hjá Stakkholti nálægt Grænhól fann jarðskjálftann. Aðrir kippir fundust á Eyrarbakka kl. 16, milli kl. 17 og 18 og milli kl. 22 og 23.

Á Miðengi og Öndverðarnesi í Grímsnesi fannst greinilegur jarðskjálfti (III stig) og hræringar fundust nóttina á eftir.

Á Hjalla í Ölfusi fannst allsnarpur jarðskjálfti (IV stig) kl. 13:08. Fundu hann allir, sem voru á engjum og flestir heima. Fannst einnig á næstu bæjum. Aftur fannst jarðskjálfti kl. 18:30 og enn kl. 24.

Á Selfossi fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 4, sem virtist koma úr norðaustri. Í Hraungerði varð skjálftanna ekki vart, og ekki á Þingvöllum.

Í Hveragerði fundust rúmlega 10 hræringar. Þær hófust kl. 12 til 13 og voru þeir snörpustu III-IV stig. Á Núpum fundust jarðskjálftarnir, sennilega heldur vægari en í Hveragerði, en á Nautafliötum (austur við Ingólfsfjall) fannst jarðskjálftinn ekki (Sím. 1953).

Í Skíðaskálanum í Hveradölum fundust jarðskjálftar af og til frá kl. 10. Virtust þeir koma úr austri.

Í Reykjavík fannst jarðskjálfti kl. 13:10 á örfáum stöðum í miðbænum (Sím. 1953).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjölmarga jarðskjálfta, þann fyrsta kl. 02:47 (GMT). Alls eru skráðir rúmlega 80 skjálftar þennan dag (S.B. 1953) og eru hér taldir þeir, sem voru að stærð 3.0 eða stærri:

a	P	11:00:55	(GMT)	(stærð 3.5)
b	P	11:19:35	(GMT)	(stærð 3.1)
c	P	12:00:29	(GMT)	(stærð 3.7)
d	P	13:11:10	(GMT)	(stærð 4.1)
e	P	17:23:19	(GMT)	(stærð 3.1)
f	P	17:58:30	(GMT)	(stærð 3.7)
g	P	17:59:08	(GMT)	(stærð 3.1)
h	P	18:09:15	(GMT)	(stærð 3.3)
i	P	18:14:41	(GMT)	(stærð 3.3)
j	P	18:38:03	(GMT)	(stærð 3.0)
k	P	19:56:40	(GMT)	(stærð 3.2)

Upptök þessara jarðskjálfta voru í 30-35 km fjarlægð frá Reykjavík, nálægt 64°05'N, 21°16'V (S.B. 1953), eða skammt norðan við Hveragerði.

53 - 12. 21. ágúst 1953. Jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. ágúst hélt áfram. Í Skíðaskálanum í Hveradölum fundust jarðskjálftar af og til, til kl. 15 (B.V. 1953). Í Hveragerði fundust 6 eða 7 hræringar og smáhræringar fundust aðfaranótt 21. ágúst á Miðengi og Öndverðarnesi í Grímsnesi, á Selfossi og á Hjalla í Ölfusi.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls um 30 hræringar (S.B. 1953) og eru þær stærstu þessar:

a	P	01:53:02	(GMT)	(stærð 3.0)
b	P	02:18:55	(GMT)	(stærð 3.1)
c	P	04:10:54	(GMT)	(stærð 3.3)

53 - 13. 22. ágúst 1953. Vægur jarðskjálfti fannst í Reykjavík og Eyrarbakka um kl. 1 (sumartími) (E. Tryggvason 1954, B.V. 1953). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 8 hræringar, en aðeins ein þeirra var yfir 3 að stærð (S.B. 1953):

P	01:01:27	(GMT)	(stærð 3.5)
---	----------	-------	-------------

Upptök hræringanna voru þau sömu og 20. ágúst, eða skammt norður af Hveragerði.

53 - 14. 25. ágúst 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 06:26:38 (GMT) (stærð 3.0)

53 - 15. 28. ágúst 1953. Í Reykjavík fundust tveir litlir jarðskjálftakippir, kl. 01:58 (II-III stig) og kl. 02:12 (III stig) (E. Tryggvason 1954, S.B. 1953). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftana (S.B. 1953):

a P 01:58:11 (GMT) (stærð 3.4)

b P 02:12:14 (GMT) (stærð 3.8)

Fjarlægð til upptakanna var áætluð 27 km og stefnan lítið eitt vestan við suður, svo upptökin voru nálægt 63.9°N, 22.1°V (S.B. 1953), eða nálægt Trölladyngju.

53 - 16. 13. september 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 23:41:50 (GMT) (stærð 3.0)

53 - 17. 16. september 1953. Kl. 08:16 fannst jarðskjálfti í Reykjahlíð, Grímsstöðum og Neslöndum í Mývatnsveit, en ekki annars staðar. Á Grímsstöðum taldi maður að hlutir hefðu hrokkið til á hillum (B.V. 1953). Pétur Jónsson í Reynihlíð sagði í símtali, að nokkrar sprungur hefðu myndast í steinbyggingum í Reykjahlíð. T.d. hafi steypur vatnsstokkur í nýlegu fjárhúsi sprungið og orðið lekur og einnig varð vart leka í safnþró skömmu eftir jarðskjálftann.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1953):

P 08:16:56 (GMT) (stærð 3.8)

S 17:29

Upptök skjálftans virðast hafa verið í um 290 km fjarlægð frá Reykjavík.

53 - 18. 19. september 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 21:31:43 (GMT) (stærð 3.0)

53 - 19. 6. október 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1953):

P 15:35:50 (GMT) (stærð 3.1)

Upptök skjálftans virðast hafa verið í um 10 km fjarlægð frá Reykjavík og rit jarðskjálftamælisins benda til að hann muni hafa fundist í Reykjavík, en engar heimildir þar að lútandi hafa fundist.

53 - 20. 21. október 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu talsverðan jarðskjálfta með upptök í um 25 km fjarlægð í stefnu lítið eitt vestan við suður (B.S. 1953):

P 15:15:02 (GMT) (stærð 3.5)

Upptök skjálftans voru nálægt Krísuvík og má gera ráð fyrir að hann hafi fundist þar og í Reykjavík, þó engar heimildir geti þess.

53 - 21. 23. október 1953. Í Hveragerði fundust jarðskjálftakippir kl. 12:36, 14:56 og 20:45 (sumartími) og var sá síðasti mestur. Tveir fyrri kippirnir fundust einnig á Selfossi, en sá síðasti fannst á Eyrarbakka og í Reykjavík (SíM. 1953). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 8 hræringar og eru þessar mestar (S.B. 1953):

a P 12:36:20 (GMT) (stærð 2.5)

b P 14:56:45 (GMT) (stærð 2.7)

c P 20:45:08 (GMT) (stærð 3.9)

Upptök þessara hræringa voru í 30-40 km fjarlægð frá Reykjavík í stefnu lítið eitt sunnan við austur (S.B. 1953), eða nálægt Hveragerði.

53 - 22. 21. nóvember 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár jarðhræringar með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

a P 06:20:34 (GMT) (stærð 3.1)  
b P 10:48:03 (GMT) (stærð 3.0)  
c P 17:24:43 (GMT) (stærð 3.2)

53 - 23. 30. nóvember 1953. Í Grímsey fannst lítils háttar jarðskjálftakippur, sem virtist koma úr norðri (V.s.b. 1953). Þessi skjálfti mældist ekki í Reykjavík.

53 - 24. 3. desember 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 13:36:43 (GMT) (stærð 3.0)

53 - 25. 15. desember 1953. Á Hornbjargsvita fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 16:33 (Sím. 1953). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

53 - 26. 17. desember 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

a P 17:59:27 (GMT) (stærð 3.1)  
b P 20:26:19 (GMT) (stærð 3.3)

53 - 27. 19. desember 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 04:46:51 (GMT) (stærð 3.2)

53 - 28. 21. desember 1953. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1953):

P 05:18:18 (GMT) (stærð 3.1)

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1954

54 - 1. 2. janúar 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 05:13:37 (GMT) (stærð 3.1)

54 - 2. 4. janúar 1954. Jarðskjálfti með upptök í um 70 km fjarlægð mældist í Reykjavík (S.B. 1954):

P 00:37:24 (GMT, 5. janúar) (stærð 3.0)

54 - 3. 4. janúar 1954. Á Húsavík fannst jarðskjálfti kl. 01:13. Var kippurinn svo snarpur að sumir vöknúðu af svefni. Hann stóð mjög skamma stund en olli engu tjóni (Mb. 5. jan. 1954). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

54 - 4. 19. janúar 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 210 km fjarlægð, sennilega í austri (S.B. 1954):

P 03:25:04 (GMT) (stærð 4.0)

Upptök þessa jarðskjálfta munu hafa verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 5. 27. janúar 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 220 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 16:54:57 (GMT) (stærð 3.8)

Upptökin hafa sennilega verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 6. 15. febrúar 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 255 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 15:10:55 (GMT) (stærð 3.3)

54 - 7. 26. febrúar 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 210 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 00:00:28 (GMT, 27. febr.) (stærð 3.1)

Upptökin hafa sennilega verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 8. 7. marz 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 215 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 20:41:56 (GMT) (stærð 3.2)

S 42:22

Upptökin hafa sennilega verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 9. 10. marz 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í um 220 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 11:58:36 (GMT) (stærð 3.2)

Upptökin hafa sennilega verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 10. 7. apríl 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálfta með upptök í um 59 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 20:03:59 (GMT) (stærð 3.1)

54 - 11. 14. apríl 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu með upptök í um 300 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 00:23:21 (GMT, 15. apríl) (stærð 3.1)

54 - 12. 24. apríl 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta með upptök í um 210 km fjarlægð (S.B. 1954):

a P 14:03:49 (GMT) (stærð 2.8)

b P 14:04:32 (GMT) (stærð 3.7)



Upptök skjálftanna hafa sennilega verið í vestanverðum Vatnajökli.

54 - 13. 2. maí 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 200 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 00:21:03 (GMT) (stærð 3.1)

54 - 14. 6. maí 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálfta með upptök í 130 til 150 km fjarlægð. Þessir voru mestir (S.B. 1954):

a P 19:52:55 (GMT) (stærð 3.3)

b P 20:15:45 (GMT) (stærð 3.8)

54 - 15. 27. maí 1954. Í Grindavík varð vart við hægán jarðskjálftakipp kl. 8:38, sem stóð yfir um 2-3 sek., styrkleiki II-III stig, stefna frá NNW. (B.V. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu að talsverð jarðskjálftahrina hófst kl. 01:15 (GMT) og lauk um kl. 16:32. Alls mældust 18 skjálftar að stærð 2.2 eða meiri og voru þessir þrír mestir (S.B. 1954):

a P 08:37:12 (GMT) (stærð 3.7)

b P 08:40:12 (GMT) (stærð 3.0)

c P 09:28:01 (GMT) (stærð 3.0)

Upptök hrinunnar voru í um 40 km fjarlægð frá Reykjavík, nálægt Grindavík.

54 - 16. 4. júní 1954. Í Grindavík fannst jarðskjálfti kl. 11:44 (sumartími), III stig, varaði 2 sek., af þeirri tegund, sem kallaðir eru hverakippir (Sím. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta, báða litla (S.B. 1954):

a P 02:20:29 (GMT) (stærð 3.2)

b P 11:43:33 (GMT) (stærð 2.5)

Síðari skjálftinn, sá sem fannst í Grindavík, átti upptök

í um 37 km fjarlægð frá Reykjavík, en sá fyrri átti lítið eitt fjarlægari upptök, 40-55 km (S.B. 1954).

54 - 17. 6. júní 1954. Við Norðurá í Borgarfirði fundust jarðskjálftar kl. 11-12 (Sím. 1954). Þessir skjálftar sáust ekki á jarðskjálftamælum.

54 - 18. 20. júní 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta, sem átti upptök um 35 km austan Reykjavíkur (S.B. 1954):

P 01:16:30 (GMT) (stærð 3.1)

54 - 19. 30. júní 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta ((S.B. 1954):

P 22:17:25 (GMT) (stærð 3.8)

Upptök skjálftans voru í um 210 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega nálægt Grímsvötnum (S.B. 1954).

54 - 20. 16. júlí 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálfta með upptök í um 230 km fjarlægð (S.B. 1954):

a P 13:04:25 (GMT) (stærð 2.7)

b P 13:54:00 (GMT) (stærð 3.4)

c P 14:16:03 (GMT) (stærð 3.8)

S 16:31

d P 15:59:56 (GMT) (stærð 3.2)

Jarðskjálftamælir á Akureyri sýndi að upptök þessara skjálfta voru í um 105 km fjarlægð, en það bendir til að þau hafi verið nálægt Bárðarbungu í Vatnajökli (S.B. 1954).

54 - 21. 17. júlí 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálfta með upptök í rúmlega 200 km fjarlægð (S.B. 1954):

a P 08:22:46 (GMT) (stærð 3.3)

b P 16:41:20 (GMT) (stærð 2.9)

Jarðskjálftamælirinn á Akureyri sýndi að upptökin voru í um 140 km fjarlægð, sem staðsetur þau nálægt Grímsvötnum (S.B. 1954).

54 - 22. 21. júlí 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 240 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 05:00:51 (GMT) (stærð 3.1)

Mælingar á Akureyri sýndu að upptök skjálftans voru á vestanverðum Vatnajökli, á svipuðum slóðum og 17. júlí (S.B. 1954).

54 - 23. 29. júlí 1954. Á Villingaholti í Flóa fannst vægur jarðskjálfti kl. 1-2 (sumartími) að nóttu, sennilega 29. júlí (B.V. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálfta, sem er að öllum líkindum sá, sem fannst í Villingaholti (S.B. 1954):

P 01:26:43 (GMT) (stærð 2.6)

Upptök skjálftans sýnast vera í um 35 km fjarlægð.

54 - 24. 5. ágúst 1954. Í Hraungerði í Flóa fannst jarðskjálftakippur litlu eftir kl. hálf tvö (sumartími). Á undan fór nokkur þytur og hrikkti lítið eitt í húsinu, sem er timburhús. Kippurinn var það snarpur, að allir vakandi menn hlutu að verða hans varir, en sofandi fólk vaknaði ekki. Hann virtist koma úr vestri eða suðvestri (B.V. 1954). Í Villingaholti fannst mjög vægur jarðskjálfti kl. 1-2 að nóttu, sennilega II stig (B.V. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1954):

P 01:35:42 (GMT) (stærð 3.2)

Upptök skjálftans virðast hafa verið í um 37 km fjarlægð frá Reykjavík, í stefnu lítið eitt sunnan við austur (S.B. 1954).

54 - 25. 14. ágúst 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1954):

P 15:47:54 (GMT) (stærð 3.3)

Samkvæmt þessum mælingum eru upptökin í um 210 km fjarlægð frá Reykjavík og mælingar á Akureyri sýndu um 140 km fjarlægð til upptakanna, sem staðsetur þau nálægt Grímsvötnum.

54 - 26. 22. ágúst 1954. Á Húsavík fundust tveir jarðskjálftakippir, kl. 22:05 og 22:33. Sá fyrri var nokkuð harður, en olli þó ekki tjóni, en sá síðari var vægari (Mb. 24. ág. 1954). Jarðskjálftarnir mældust hvorki í Reykjavík né á Akureyri.

54 - 27. 29. ágúst 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta með upptök í um 250 km fjarlægð (S.B. 1954):

a P 00:30:51 (GMT) (stærð 3.1)

b P 07:44:27 (GMT) (stærð 3.0)

Síðari skjálftinn mældist á Akureyri og reyndist fjarlægð upptakanna um 140 km, sem bendir til, að þau hafi verið í Kverkfjöllum.

54 - 28. 1. september 1954. Á Siglufirði fundust tveir stuttir en snarpir jarðskjálftakippir, kl. 3:45 og 5:49 (sumartími). Var sá síðari öllu snarpari og vaknaði fólk við hann (Mb. 2. sept. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þessa skjálfta (S.B. 1954):

a P 03:44:56 (GMT) (stærð 3.3)

b P 05:49:25 (GMT) (stærð 3.5)

Samkvæmt þessum mælingum voru upptökin í um 260 km fjarlægð frá Reykjavík og mælingar á Akureyri bentu til 60-80 km fjarlægðar, sem gefur upptökin skammt frá Siglufirði.

54 - 29. 3. september 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta með upptök í um 160 km fjarlægð (S.B. 1954):

- a P 23:33:41 (GMT) (stærð 3.3)
- b P 23:35:27 (GMT) (stærð 3.1)

54 - 30. 9. september 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í 260-280 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 17:38:12 (GMT) (stærð 3.2)

Mælingar á Akureyri sýndu upptökin í um 150 km fjarlægð, en það bendir til að þau hafi verið nálægt Kverkfjöllum.

54 - 31. 14. - 15. september 1954. Í Grindavík fundust um 40 jarðskjálftakippir frá kl. 21, 14. september til kvölds, 15. september. Stundum voru skjálftarnir svo tíðir, að tæplega var nokkurt hlé milli þeirra. Snarpastir urðu þeir kl. 14, 15. september, en ekki varð tjón af völdum þeirra, nema innanhúsmunir færðust lítilsháttar úr stað og eitthvað af lauslegum munum brotnaði (VÍ. 15. sept. 1954, VÍ. 16. sept. 1954). Á Keflavíkurflugvelli varð vart mjög vægra jarðskjálfta kl. 13:37 og 13:45, 15. september (Sím. 1954). Ekki var vitað að neinar jarðhræringar hafi fundist í Keflavík (Sím. 1954), og ekki heldur í Krísuvík eða á Reykjanesi (Sím. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 72 hræringar að stærð 2.2 eða meiri frá kl. 21:06, 14. september til kl. 10:10, 16. september, þar af 15 að stærð 3.0 eða meiri. Eftirtaldir skjálftar, allir 15. september, voru mestir (S.B. 1954):

- a P 11:36:52 (GMT) (stærð 3.5)
- b P 12:12:01 (GMT) (stærð 4.1)
- c P 12:14:12 (GMT) (stærð 3.8)
- d P 13:36:33 (GMT) (stærð 4.2)

Upptök þessarar skjálftahrinu mun hafa verið í um 40 km fjarlægð frá Reykjavík og mjög nálægt Grindavík.

54 - 32. 30. september 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 210 km fjarlægð, sennilega í vestanverðum Vatnajökli (S.B. 1954):

P 14:31:54 (GMT) (stærð 3.8)

54 - 33. 4. október 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta með upptök í um 195 km fjarlægð (S.B. 1954):

a P 00:57:37 (GMT) (stærð 2.9)

b P 00:58:32 (GMT) (stærð 3.2)

54 - 34. 7. október 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 145 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 10:41:15 (GMT) (stærð 3.0)

S 41:33

54 - 35. 19. október 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 240 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 12:56:39 (GMT) (stærð 3.8)

Mælingar á Akureyri sýndu að þaðan var um 140 km fjarlægð til upptakanna, sem munu hafa verið í Vatnajökli, sennilega á milli Grímsvatna og Kverkfjalla.

54 - 36. 23. október 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 140 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 10:26:15 (GMT) (stærð 3.0)

S 26:31

54 - 37. 29. október 1954. Talsverðir jarðskjálftar fundust um vesturhluta Suðurlands. Það sem hér fer á eftir er að mestu byggt á svörum er bærust við dreifi-bréfi er sent var til fjölmargra einstaklinga eftir jarð-

skjálftana (B.V. 1954).

Í Rangársýslu varð hvergi vart við jarðskjálfta, nema í Dísukoti í Þykkvabæ, en þar fann rúmliggjandi kona mjög væga hræringu.

Á Vorsabæ í Skeiðahreppi fannst jarðskjálftinn ekki.

Á Torfastöðum í Biskupstungum fannst væg hræring.

Á Laugarvatni fundust tveir kippir kl. 19:10 og 20:25, III stig, vöruðu 4-6 sek., glamraði lítið eitt í borðbúnaði.

Á Minni-Borg í Grímsnesi fannst jarðskjálftinn ekki, en hann fannst í Seli, Stærribæ, Björk, Brjánsstöðum og Vatnsnesi. Sumstaðar brakaði í húsum.

Á Ásgarði í Grímsnesi fannst snöggur kippur, IV stig. Jarðskjálftinn fannst einnig á Efri-Brú, Syðri-Brú, Búrfelli, Miðengi, Öndverðarnesi, Snæfoksstöðum og víðar. Í Þingavallasveit fundust jarðskjálftar á Svartagili, Kárastöðum, Heiðarbæ og Mjóanesi. Styrkleiki III stig í Heiðarbæ, annars II-III stig.

Í Villingaholti í Flóa fundust þrjár vægar hræringar. Aðeins þeir, sem sátu eða lágu fundu þær. Jarðskjálftarnir fundust einnig á Þjótanda, Egilsstöðum, Mjósundi, Vatns-holti og Þingdal, en ekki á Sýrlæk.

Á Gaulverjabæ í Flóa fundust jarðskjálftakippir kl. 18:15, 19:10, 20:20, 20:25, 20:30, 20:32 og smáhræringar um nóttina. Jarðskjálftar fundust einnig á Loftstöllum, Fljóts-hólum, Seljatungu og víðar í Flóa.

Á Stokkseyri fundust 3 hræringar allar mjög vægar og aðeins á efri hæðum húsa. Fáir fundu hræringarnar. Þær fundust einnig á Eyrarbakka, svipað eða heldur meira.

Í Hraungerði fundust jarðskjálftar, styrkleiki IV stig. Sumir fundu 2 kippi, aðrir 4. Jarðskjálftarnir fundust ekki á Urriðafossi og ekki heldur á næstu bæjum þar við. Hinsvegar fundust þeir glöggst í Kolsholti í Villingaholts-hreppi. Á Litla-Ámóti fundust 4 kippir, einn lang gleggst og smá titringur á eftir, sem stóð mínútum saman.

Á Selfossi fundust nokkrir kippir, fyrst kl. 19:30, styrkleiki IV stig.

Í Hveragerði fundust margir jarðskjálftakippir um kvöldið og nóttina, snarpast kl. 18:30. Dálítið glamraði í borðbúnaði, en engar skemmdir urðu.

Á Alviðru í Ölfusi fundust jarðskjálftakippir kl. 18:30, 18:45 og 20:25, styrkleiki III stig.

Á Þorlákshöfn fundust jarðskjálftar kl. 17:55, 20:15 og 20:23, IV stig. Einnig varð hræringa vart næstu nótt. Hreyfingin virtist lárétt, úr norðaustri.

Í Skíðaskálanum í Hveradölum fundust um 60 kippir, snarpast IV stig. Hreyfingin virtist lárétt, úr suð-suðaustri. Það glamraði í borðbúnaði og í snörpustu kippunum hreyfðust hlutir.

Í Reykjalundi í Mosfellssveit fundust 4-5 kippir, III stig.

Í Reykjavík fundust þrjár jarðskjálftakippir milli kl. 19 og 20:30 (R.Ú. 1954). Aðeins fáir urðu þeirra varir.

Jarðskjálfti fannst kl. 20:26 á Vífilsstöðum, Kópavogi og Hafnarfirði (Sím. 1954).

Jarðskjálftarnir fundust ekki í Krísuvík, Grindavík né í Skorradal.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 31 jarðskjálftakipp að stærð 2.3 eða meiri frá kl. 18:18 til miðnættis. Þessir voru mestir (S.B. 1954):

a	P	19:18:02	(GMT)	(stærð 3.9)
b	P	20:11:14	(GMT)	(stærð 4.3)
c	P	21:24:49	(GMT)	(stærð 4.5)
d	P	21:27:02	(GMT)	(stærð 4.2)
e	P	21:33:46	(GMT)	(stærð 3.5)
f	P	22:01:11	(GMT)	(stærð 3.7)

Upptök þessarar skjálftahrinu var í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík, en í um 240 km fjarlægð frá Akureyri. Stefna til upptakanna frá Reykjavík var ákvörðuð fyrir nokkra skjálfta í þessari hrinu og reyndist hún 7°-17° sunnan við austur, en það gefur að upptökin hafi verið í Hengladölum.



fundust í Hveragerði og Skíðaskálanum í Hveradölum, sumir allsnarpir (B.V. 1954). Í Villingaholti í Flóa varð vart smáhræringa aðfaranótt 30. október, og einnig seint um kvöldið (B.V. 1954). Í Gaulverjabæ fannst snarpur kippur, svo hrikkti í húsum kl. 14:50 og smáhræringar seinna þann dag og einnig nóttina á undan (B.V. 1954). Á Heiðarbæ í Þingvallasveit varð vart við jarðhræringu síðari hluta dags (B.V. 1954). Á Selfossi fannst allsnarpur kippur kl. 14:47 (B.V. 1954). Á Reykjalandi í Mosfellsveit fannst talsverður jarðskjálftakippur rétt fyrir kl. 15, heldur snarpari en þeir, sem fundust kvöldið áður (B.V. 1954). Í Reykjavík fannst greinilegur jarðskjálfti kl. 14:47 (Sím. 1954). Einnig fannst hann við Nýbýlaveg í Kópavogi (Sím. 1954).

Sigurjón Danivaldsson og Kristján Hallgrímsson voru í skála í Innstaðal í Hengli kvöldið 30. október og fundu þar mikinn jarðskjálfta kl. 22:30. Sá kippur fannst einnig í Hveragerði (Ab. 2. nóv. 1954).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýna að skjálftahrinan, sem hófst 29. október heldur áfram og mældust 14 skjálftar að stærð 2.3 eða meiri 30. október. Þessir voru mestir (S.B. 1954)

a	P	03:25:26	(GMT)	(stærð 3.2)
b	P	04:34:19	(GMT)	(stærð 3.3)
c	P	15:47:04	(GMT)	(stærð 4.3)
d	P	18:34:20	(GMT)	(stærð 3.2)
e	P	23:31:33	(GMT)	(stærð 3.2)
f	P	23:32:26	(GMT)	(stærð 3.3)

54 - 39. 31. október - 12. nóvember 1954. Í Hveragerði varð vart við tvo jarðskjálftakippi að morgni 31. október (VÍ. 1. nóv. 1954). Í Skíðaskálanum í Hveradölum héldu jarðhræringarnar, er hófust 29. október, áfram fram á morgun 1. nóvember (B.V. 1954). Í Hveragerði fundust margar smáhræringar 6. - 7. nóvember, lítil hræring 9. nóvember kl. 7:40 og allmikill kippur 12. nóvember kl. 17 til 17:30 (B.V. 1954). Á Villingaholti í Flóa fannst

vægur jarðskjálfti kl. 15:50 7. nóvember (B.V. 1954). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu að jarðskjálfta-hrinan í Hengladölum, sem hófst 29. október, hélt áfram til 12. nóvember, og mældust alls 10 skjálftar að stærð 2.3 eða meiri dagana 31. október til 12. nóvember. Þessir voru mestir (S.B. 1954):

- a P 03:37:57 (GMT, 3. nóv.) (stærð 3.1)
- b P 16:44:35 (GMT, 7. nóv.) (stærð 3.3)
- c P 18:10:05 (GMT, 12. nóv.) (stærð 3.5)

54 - 40. 15. nóvember 1954. Í Grímsey fannst lítils háttar jarðskjálftakippur kl. 13:27 (V.s.b. 1954). Hann mældist ekki í Reykjavík né á Akureyri.

54 - 41. 15. - 17. nóvember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fimm skjálfta með upptök í um 170 km fjarlægð (S.B. 1954):

- a P 17:49:02 (GMT, 15. nóv.) (stærð 3.8)
- b P 17:56:26 (GMT, 15. nóv.) (stærð 3.1)
- c P 18:18:04 (GMT, 15. nóv.) (stærð 3.7)
- d P 00:01:54 (GMT, 16. nóv.) (stærð 3.7)
- e P 09:14:32 (GMT, 17. nóv.) (stærð 3.0)

Þar sem skjálftar þessir mældust ekki á Akureyri, má gera ráð fyrir að upptökin hafi verið í suðvestur frá Reykjavík.

54 - 42. 19. - 29. nóvember 1954. Í Hveragerði fundust 4 smákippir um kvöldið, 19. nóvember, einn vægur kippur 20. nóvember kl. 10 og 21. nóvember fundust þrjár jarðskjálftakippur, kl. 21:50, IV stig, kl. 22:24, IV stig og kl. 22:26, II stig. Einnig fannst vægur kippur 22. nóvember kl. 9-10 (B.V. 1955).

Á Villingaholti í Flóa fannst mjög væg jarðhræring 19. nóvember. Annar vægur skjálfti fannst 20. nóvember kl. 16:15 til 16:20, sem fannst einnig á Neistastöðum. 21. nóvember fannst í Villingaholti talsverður jarðskjálfti

kl. 21:45 og aftur kl. 22:20 allsnarpur svo að hrikkti í húsinu og enn væg jarðhræring kl. 23:02 (B.V. 1954). Á Selfossi fundust jarðskjálftar 21. nóvember, mest um kl. 22:30. Einnig fundust þar 2 kippir 22. nóvember um morguninn (R.Ú. 1954).

Í Mykjunesi í Holtum fannst fremur vægur jarðskjálfti 21. nóvember laust fyrir kl. 22:30 (B.V. 1955, Mb. 22. nóv. 1954). Í Skíðaskálanum í Hveradölum varð vart mikilla hræringa. Glamraði leir í skápum, en ekkert brotnaði (Ab. 23. nóv. 1954).

Í Reykjavík urðu allmargir varir við jarðskjálfta 21. nóvember um kvöldið. Sumir fundu tvo kippi (Sím. 1954). Á Alviðru í Ölfusi fundust jarðskjálftar 21. nóvember kl. 21:45, 22:25 og 22:26 og einnig 24. nóvember kl. 7 (B.V. 1954).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu að jarðskjálftahrina hófst 19. nóvember, kl. 23:20 og stóð til 29. nóvember, kl. 08:31. Alls mældust 27 skjálftar að stærð 2.3 eða meiri og voru þessir mestir (S.B. 1954):

a	P	06:58:17	(GMT, 20. nóv.)	(stærð 3.6)
b	P	17:17:56	(GMT, 20. nóv.)	(stærð 3.7)
c	P	22:46:30	(GMT, 21. nóv.)	(stærð 3.9)
d	P	23:23:43	(GMT, 21. nóv.)	(stærð 4.5)
e	P	00:03:25	(GMT, 22. nóv.)	(stærð 3.4)
f	P	19:02:28	(GMT, 22. nóv.)	(stærð 3.3)
g	P	04:58:46	(GMT, 29. nóv.)	(stærð 3.2)

Upptök þessara skjálfta mældist í um 35 km fjarlægð frá Reykjavík á sömu slóðum og upptök skjálftahrinunnar er hófst 29. október 1954, eða í Hengladölum.

54 - 43. 5. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálfta með upptök í 95-105 km fjarlægð (S.B. 1954):

a	P	02:30:44	(GMT)	(stærð 3.1)
b	P	18:02.07	(GMT)	(stærð 3.1)

54 - 44. 7. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta (S.B. 1954):

P 22:19:50 (GMT) (stærð 3.5)

Upptök skjálftans virðast hafa verið í 260 km fjarlægð frá Reykjavík, en í um 160 km fjarlægð frá Akureyri, sem bendir til Vatnajökuls skammt suður af Kverkfjöllum.

54 - 45. 12. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 260 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 11:47:48 (GMT) (stærð 3.6)

S 48:14

Upptökin mældust í um 160 km fjarlægð frá Akureyri, sem bendir til sömu upptaka og 7. desember 1954.

54 - 46. 17. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta (S.B. 1954):

P 02:07:47 (GMT) (stærð 4.2)

Upptökin voru í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík, en um 140 km fjarlægð frá Akureyri, eða í vestanverðum Vatnajökli nálægt Grímsvötnum.

54 - 47. 22. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo talsverða jarðskjálftakippi (S.B. 1954):

a P 12:36:05 (GMT) (stærð 4.1)

b P 12:53:13 (GMT) (stærð 4.1)

Upptök þessara skjálfta eru í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík og mælingar á Akureyri sýna að upptökin voru í um 140 km fjarlægð. Samkvæmt þessu hafa upptökin verið nálægt línu er liggur frá Bláfelli við Hvítárvatn til Eiríksjökuls.

54 - 48. 29. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 35 km fjarlægð (S.B. 1954):

P 07:07:49 (GMT) (stærð 3.4)

Mælingarnar benda til að upptökin séu í austri frá Reykjavík.

Samkvæmt frétt í dagblaði fannst snarpur jarðskjálfti í Skiðaskálanum í Hveradölum kl. 4 aðfaranótt 30. desember 1954 (Ab. 5. jan. 1955). Sennilega er þetta sami jarðskjálftinn, þó tímum beri ekki saman.

54 - 49. 31. desember 1954. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta með upptök í tæplega 30 km fjarlægð í suð-suðvestri (S.B. 1954):

P 03:15:16 (GMT) (stærð 3.8)

Þar sem upptök skjálftans virðast hafa verið nálægt Krísvík, var í janúar 1955 spurst fyrir um hvort skjálftinn hefði fundist þar. Því var svarað, að nokkur kippur hefði fundist að næturlagi, en ekki var hægt að segja hvaða dag (Sím. 1955). Samkvæmt jarðskjálftamælingum í Reykjavík getur vart verið um annan skjálfta að ræða, en 31. desember kl. 03:15 GMT.

54 - 50. 31. desember 1954. Í Villingaholti í Flóa fannst snarpur jarðskjálftakippur kl. 15:05, stóð um 4-5 sek., virtist koma úr norðri. Það hrikkti í húsinu og glamraði í öllu lauslegu. Skjálftinn fannst einnig á Vatnsenda, Egilsstöðum, Urriðafossi og trúlega víðar (B.V. 1955).

Í Mykjunesi í Holtum fannst allsnarpur kippur 31. desember 1954 (B.V. 1955).

Jarðskjálftinn fannst einnig í Þingdal og Skálmholti í Flóa (B.V. 1955).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1954):

P 16:16:22 (GMT) (stærð 3.2)

Upptök skjálftans voru í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega austast í Flóa.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1955

55 - 1. 4. janúar 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálfta með upptök í um 200 km fjarlægð (S.B. 1955):

14:44:41 (GMT) (stærð 3.7)

55 - 2. 5. janúar 1955. Í Síðumúla í Hvítársíðu fannst stuttur en mjög greinilegur jarðskjálftakippur kl. 21:25 (B.V. 1955). Við eftirgrennslan kom í ljós að jarðskjálftinn fannst á Húsafelli, en ekki í Kalmannstungu, Fljóts-tungu, Þorvaldsstöðum, Hallkelsstöðum né Gilsbakka (B.V. 1955).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 5 skjálfta frá 21:24 til 22:51, þar af var einn lang mestur (S.B. 1955):

P 22:23:50 (GMT) (stærð 3.6)

Upptök þessara skjálfta voru í um 95 km fjarlægð frá Reykjavík.

55 - 3. 7. janúar 1955. Á Selfossi fannst greinilegur, en vægur jarðskjálftakippur um kl. 23 (B.V. 1955). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1955):

P 00:11:48 (GMT, 8. jan.) (stærð 2.7)

Upptök skjálftans munu hafa verið í rúmlega 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

55 - 4. 14. - 16. janúar 1955. Allmiklir jarðskjálftar fundust um suðvesturhluta landsins. Hér á eftir eru lýsingar á því hvar og hvernig jarðskjálftarnir fundust og er þar að mesu stuðst við svör við dreifibréfi, sem Veðurstofan sendi út (B.V. 1955).

Í Grindavík fann Jón Engilbertsson, Sunnuhvoli, 16 jarðskjálftakippi, II-V stig, frá kl. 11:15 til 17:40, 15. janúar. Mesti kippurinn fannst kl. 15:50, IV-V stig, en

kl. 14:25, 15:43, 15:45 og 16:39 var styrkleikinn um IV stig. Vægari hræringar fundust kl. 11:15, 11:30, 12:05, 12:35, 15:05, 15:13, 15:19, 15:21, 15:30, 16:07 og 17:40. Á Isólfsskála munu jarðskjálftarnir hafa fundist mest, en þar hófust þeir að kvöldi 14. janúar. Þar valt allt lauslegt um koll, glös og þessháttar, en engar skemmdir urðu á húsum. Á Stað í Grindavík voru kippirnir hægir. Á Reykjanesvita fundust jarðskjálftarnir ekki, en þeirra varð vart í Kirkjuvogshverfi í Höfnum, IV stig.

Í Keflavík fundust tveir jarðskjálftakippir, IV stig, kl. 15-17, 15. janúar.

Í Austurkoti í Vogum fannst jarðskjálftakippur kl. 16:55, IV stig og 2 minni kippir.

Í Krísuvík fundust allmargir jarðskjálftakippir 15. janúar, mest á milli kl. 13 og 15. Einhver vottur hræringa fannst aðfaranótt 15. janúar, en aðallega hófust þær eftir hádegi og fundust hræringar öðru hvoru til kl. 3, 16. janúar. Loks fannst ein væg hræring kl. 10:30, 16. janúar. Í snörpustu kippunum var tæplega að léttir hlutir hreyfðust (Sím. 1955).

Í Reykjavík og Hafnarfirði fundu margir jarðskjálfta kl. 15:03 og 15:43. Einn taldi sig hafa fundið fimm kippi á milli kl. 15 og 15:43 (Sím. 1955).

Í Reykjalandi í Mosfellssveit fundust jarðskjálftar kl. 15:05 - 15:55, III-IV stig.

Í Stardal, Kjalarnesi fundust jarðskjálftar kl. 15:05 og 15:45.

Í Hveragerði varð jarðskjálftanna lítið eða ekki vart.

Á Selfossi fundust jarðskjálftarnir ekki.

Á Eyrarbakka fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 15:30-16.

Á Stokkseyri munu örfáir hafa orðið jarðskjálftans varir.

Á Gaulverjabæ í Flóa fannst væg jarðhræring kl. 15:44.

Jarðskjálftinn fannst einnig á Loftstöðum, Seljatungu, Syðri-Velli, Vorsabæjarhjáleigu og víðar.

Á Ásgarði í Grímsnesi fannst jarðskjálfti, IV stig, og einnig á Miðengi, Búrfelli, Öndverðarnesi, Syðri-Brú, og Kaldárhöfða.

Í Hraungerði í Flóa fannst mjög væg jarðhræring síðdegis 15. janúar og greinileg hræring kl. 22:55 um kvöldið.

Í Villingaholti í Flóa fannst vægur jarðskjálfti kl. 14:05 og annar snarpari kl. 14:44, líklega IV stig. Jarðskjálftarnir virtust koma úr vestri. (Hér mun vera tíma-skekkja er nemur einum klukkutíma).

Í Borgarnesi mun hafa orðið vart við þrjá kippi, alla mjög væga, kl. um 15, 16 og 22.

Á Hvanneyri fannst væg jarðhræring kl. 15.

Á Varmalæk í Andakílshreppi fundust jarðskjálftakippir kl. 15 og 15:45, IV stig. Jarðskjálftar fundust einnig í Fossatúni kl. 15:45, Laugabæ kl. 15:45, Bæ kl. 22 og kl. 23-24, Hellum kl. 15 og 15:45 og í Þingnesi kl. 22.

Á Stóra Kroppi í Reykholtisdal fundust jarðskjálftar kl. 15:07, 15:25 og 15:35, II-III stig.

Á Svelgsá í Helgafellssveit fannst jarðskjálfti kl. 15:45.

Ofangreindar upplýsingar sýna að jarðskjálftanna varð mest vart í Grindavík og Krísvík, en auk þess fundust tveir mestu kippirnir, kl. 15:03 og 15:43 (16:03 GMT og 16:43 GMT) allt austur að Þjórsá og norður á Snæfellsnes og víða þar á milli.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu að jarðskjálftahrina hófst 14. janúar kl. 06:02 (GMT) og stóð til 16. janúar kl. 23:27 (GMT). Alls eru skrásettir 95 skjálftar í þessari hrinu, þar af 28 að stærð 3.0 eða meiri. Eftirtaldir skjálftar voru að stærð 3.5 eða meiri (S.B. 1955):

15. janúar	a	P	12:17:36	(GMT)	(stærð 3.8)
	b	P	16:03:39	(GMT)	(stærð 4.8)
	c	P	16:12:48	(GMT)	(stærð 3.6)
	d	P	16:21:08	(GMT)	(stærð 3.6)
	e	P	16:43:05	(GMT)	(stærð 5.0)
	f	P	16:50:36	(GMT)	(stærð 3.7)
	g	P	17:05:30	(GMT)	(stærð 3.9)
	h	P	17:20:10	(GMT)	(stærð 3.7)
16. janúar	i	P	01:42:25	(GMT)	(stærð 3.5)
	j	P	11:45:56	(GMT)	(stærð 3.5)
	k	P	12:16:58	(GMT)	(stærð 3.7)



Upptök þessarar jarðskjálftahrinu mældust í 30-40 km fjarlægð frá Reykjavík, í suðvestri, eða á milli Grindavíkur og Krísvíkur.

55 - 5. 16. janúar 1955. Í Grímsey fannst dálítill jarðskjálfti kl. 06:35 (V.s.b. 1955). Skjálftinn sást ekki á jarðskjálftamælum.

55 - 6. 17. janúar 1955. Í Hrísey vaknaði fólk við jarðskjálfta kl. 4:50. Var kippurinn all snarpur, en ekki svo að tjón hlytist af (Tí. 20. jan. 1955). Jarðskjálftamælirinn á Akureyri sýndi skjálftann (S.B. 1955):

S 05:41:46 (GMT) (stærð 2.5)

Fjarlægð til upptakanna verður ekki séð á mælinum, en sennilega voru þau mjög nálægt Hrísey.

55 - 7. 18. janúar 1955. Á Selfossi fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 00:01 (B.V. 1955). Á Stokkseyri fannst jarðskjálfti, III-IV stig kl. rúmlega 23:30, 17. janúar (B.V. 1955). Á Torfastöðum í Biskupstungum fannst jarðskjálfti kl. tæplega 2. Einnig fannst hann í Miklaholti og víðar. Laust fyrir háttatíma 17. janúar urðu nokkrir varir við smáhræringar (B.V. 1955). Í Villingaholti í Flóa fannst jarðskjálfti kl. 24, 17. janúar, IV stig. Hræringin stóð 4-5 sekúndur, það hrikkti í húsinu og heyrðist í lausum hlutum (B.V. 1955). Í Mykjunesi í Holtum fannst snarpur jarðskjálfti kl. 24, 17. janúar, "sá mesti sem fundist hefir hér í vetur". Fólk hrökk upp úr fasta svefni og það hrikkti í húsum (B.V. 1955). Óljósar upplýsingar eru um að jarðskjálftinn hafi einnig fundist á Eyrarbakka og Stardal á Kjalarnesi (B.V. 1955). Allar ofantaldar upplýsingar munu eiga við sama jarðskjálftann, enda þótt tímum beri ekki vel saman. Þessi skjálfti mældist í Reykjavík (S.B. 1955):

P 01:00:03 (GMT) (stærð 3.5)

S 00:11

Upptökin voru í um 68 km fjarlægð frá Reykjavík sennilega nálægt Hestfjalli.

55 - 8. 19. - 20. janúar 1955. Í Reykjavík fundust tveir mjög vægir jarðskjálftakippir, kl. 18:30, 19. janúar og kl. 2:20, 20. janúar (Tí. 21. jan. 1955). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu litla jarðskjálftahrinu með upptök í um 30 km fjarlægð, sem næst í suðri. Alls mældust sex skjálftar og voru þessir mestir (S.B. 1955):

- a P 19:33:43 (GMT, 19. jan.) (stærð 3.2)
- b P 03:21:47 (GMT, 20. jan.) (stærð 3.0)
- c P 06:32:06 (GMT, 20. jan.) (stærð 3.0)

55 - 9. 12. febrúar 1955. Í Grindavík fannst mjög hægur jarðskjálftakippur kl. 21:05, II stig (B.V. 1955). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1955):

P 22:05:24 (GMT) (stærð 2.6)

Upptökin virðast vera í um 50 km fjarlægð.

55 - 10. 27. febrúar - 26. marz 1955. Allmiklir jarðskjálftar fundust austan til á Norðurlandi og á Norðausturlandi. Dagblaðið Tíminn segir m.a.: "Kippirnir fundust allt austur á Vopnafjörð og vestur á Ólafsfjörð, en ekki í Mývatnssveit eða austur á Héraði". "Í Axarfirði varð jarðskjálftakippanna mest vart í Klifshaga og Sandfellshaga". "Vart hefir orðið við smávægilegar sprungur í veggjum á Klifshaga og Sandfellshaga. Kippirnir byrjuðu kl. tuttugu og fimm mínútur gengin í eitt í fyrri-nótt (27. febrúar), en snarpastir urðu kippirnir í gærmorgun. Kom annar kl. 6:48 og hinn 7:28. Svo kom enn snarpur kippur kl. 3 í nótt (28. febrúar). Fannst hann á Raufarhöfn og í Grímsey". "Komu alls þrjátíu til fjöru-tíu kippir á tímabilinu". Á Lindarbrekku fundust þrjú kippir, kl. 6:47 og 7:32, 27. febrúar og kl. 3, 28. febrúar.

Í Grímsey fannst allsnarpur kippur kl. 3, 28. febrúar. Enginn jarðskjálfti fannst á Húsavík, ekki heldur í Dalvík eða innar við Eyjafjörð, né heldur í Höfðahverfi eða í Bárðardal. "Í Mývatnssveit og á Hólsfjöllum varð engra kippa vart". "Í Vopnafirði fannst snöggur kippur kl. 7:30 á sunnudagsmorgun (27. febrúar) og annar harðari kl. 3 á mánudagsnótt og vaknaði fólk við". (Tí. 1. marz 1955). Á Raufarhöfn fannst jarðskjálfti kl. 2, 1. marz, ekki snarpur, en þó vaknaði fólk (Mb. 2. marz 1955). Úr svörum við dreifibréfum fengust eftirfarandi upplýsingar (B.V. 1955):

Á Hámundarstöðum í Vopnafirði fannst snarpur kippur kl. 6, 27. febrúar, virtist koma úr norðvestri. Jarðskjálftinn fannst einnig í Strandhöfn.

Á Þorvaldsstöðum í Skeggjastaðahreppi fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 7:30, 27. febrúar. Fannst einnig á Bakka, Bjargi og Steintúni. Annar kippur fannst kl. 23:50, 27. febrúar, á Bakka og Skeggjastöðum. Þann 28. febrúar kl. 3 fannst aftur talsverður jarðskjálftakippur á Þorvaldsstöðum, IV stig. Þessi skjálfti fannst einnig í Saurbæ, Miðfjarðarnesi, Miðfjarðarnesseli, Miðfirði, Valhúsum, Bakka, Bjargi og Steintúni. Á öðrum bæjum í hreppnum varð jarðskjálftans ekki vart. Á Bakka og Steintúni varð vart við snöggan kipp kl. 18:30, 28. febrúar og aftur kl. 19:30 sama kvöld. Á Bakka og Steintúni fundust tveir vægir kippir 1. marz, kl. 3 og 3:30.

Á Garði í Svalbarðshreppi fannst snarpur jarðskjálfti, V stig, kl. 8, 27. febrúar. Annar kippur fannst kl. 8:15 og sá þriðji kl. 18:30. Næsta dag, 28. febrúar, varð jarðskjálfta einnig vart. Stundaklukka stansaði og hurðir opnuðust. Fannst á öllum bæjum í Svalbarðshreppi. Á Ytra-Álandi sprungu steinveggir.

Á Flögu í Svalbarðshreppi fannst snarpur jarðskjálfti, V stig, kl. 2:50, 28. febrúar. Allir vöknuðu. Fannst einnig á Ytra-Álandi, en þar kvarnaðist múrhúð frá dyrum og gluggum og smásprungur komu í fjárhúsvegg.

Á Blikalóni í Presthólahreppi varð engra hræringa vart.

Á Núpi í Öxarfirði fannst snarpur jarðskjálfti kl. 6:25, VI stig og annar svipaður kl. 7:30. Myndir dattu niður, það hrikkti og glamraði í öllum hurðum og léttari hirzalur færðust til lítið eitt. Alls fundust 25-30 kippir frá kl. 6:25 til 12:00, 27. febrúar, og héldu stöðugar hræringar áfram til kvölds, en síðan stöku kippir nokkra næstu daga. Urðu jarðskjálftar strjállri með hverjum degi sem leið og sá síðasti fannst 20. marz. Steinveggir sprungu talsvert og stykki sprakk úr moldarvegg. Jarðhræringanna varð mest vart á Núpi, Þverá, Sandfellshaga og Klifshaga. Í Sandfells- haga sprungu steinveggir, töluvert leirtau hrapaði fram úr skáp og pottur út af rafmagnshellu. Í Klifshaga sprungu steinveggir talsvert og á Þverá sprungu veggir einnig. Á Sandfellshaga í Öxarfirði fannst fyrst kippur kl. 0:30, 27. febrúar og vöknuðu sumir við hann. Annar kippur fannst kl. 6:30 og vöknuðu þá allir, en snarpasti kippurinn kom kl. 6:40, VI stig og virtist hann koma úr norðaustri. Rafha eldavel kastaðist frá vegg um nokkra sentimetra, sömuleiðis svefndívan, hurðir opnuðust o.s.frv. Stein- veggir sprungu á nokkrum stöðum út frá gluggum og dyrum. Á Núpi sprakk stafn í íbúðarhúsinu, og á Klifshaga gáfu sig veggir í nýbyggingu frá aðalbyggingu. Alls fundust um 30 kippir 27. febrúar og síðan héldu hræringar áfram í 3 vikur, svo að aðeins tveir sólarhringar, 12. og 13. marz liðu svo að ekki fundust fleiri eða færri hræringar af ýmsum styrkleika II-V stig, en engin var eins snörp og kl. 6:40, 27. febrúar. Næturnar fyrir 11. og 16. marz virt- ist vera stöðugur titringur marga klukkutíma hvora nótt. Kippirnir gerðust strjállri er á leið, en aðfaranótt 15. marz fundust 10 kippir og 20. marz fundust aftur 10 kippir. Síðasti kippurinn, sem fannst með vissu kom aðfaranótt 26. marz. Alls fundust um eða yfir 200 hræringar. Hræring- arnar voru mestar meðfram Öxarfjarðarheiðinni í Öxarfirði og Núpasveit. Sunnan Sandfellshaga fór að draga úr þeim og eins er norðar dró í Núpasveit. Á Skinnastað í Öxarfirði hófust hræringarnar laust fyrir kl. 0:30, 27. febrúar og héldu áfram í 3 vikur, eða jafnvel

lengur. Þar kom sprunga í stein-millivegg í íbúðarhúsinu. Á Hafursstöðum í Öxarfirði fundust jarðskjálftar kl. 7:35 og 8:05, 27. marz, III eða IV stig.

Í Ásbyrgi í Kelduhverfi fundust jarðskjálftakippir kl. 6, 7:47 og 8:22, 27. febrúar. Þeir fundust á flestum bæjum í Kelduhverfi, styrkleiki III-IV stig. Á Meiðavöllum fór vekjaraklukkan á hliðina og myndir, er stóðu á kommóðu. Hræringar fundust síðan í nokkra daga og snarpur kippur um kl. 3, 1. marz. Þá hrukku menn úr fasta svefni víða í sveitinni.

Á Þverá í Reykjahreppi fannst mjög væg jarðhræring kl. 2:05, 1. marz. Fannst einnig á Litlu-Reykjum og víðar.

Á Staðarhóli í Aðaldal fundust tveir mjög vægir kippir. Vægar hræringar fundust einnig í Ystahvammi og víðar.

Á Gvendarstöðum í Ljósavatnshreppi fundust jarðskjálftarnir ekki, en á Björgum og Leikskálaá fannst væg hræring um kl. 7 að morgni, sennilega 27. febrúar.

Á Raufarhöfn og nágrenni fannst lítill jarðskjálfti kl. 6:30 (II stig) og annar kl. 7:30 (III stig), 27. febrúar. Enn fannst þar jarðskjálfti kl. 2:58, 28. febrúar, III stig (B.V. 1955).

Í Grímsey fannst snarpur jarðskjálftakippur kl. 3, 28. febrúar (B.V. 1955).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls átta jarðskjálfta í hrinunni, sem hófst 27. febrúar 1955 (S.B. 1955):

a	P	07:37:01	(GMT, 27. febr.)	(stærð 3.4)
b	P	07:47:57	(GMT, 27. febr.)	(stærð 4.3)
c	P	08:29:23	(GMT, 27. febr.)	(stærð 4.1)
d	P	12:23:37	(GMT, 27. febr.)	(stærð 3.5)
e	P	17:49:28	(GMT, 27. febr.)	(stærð 3.7)
f	P	03:59:59	(GMT, 28. febr.)	(stærð 4.3)
g	P	02:37:59	(GMT, 1. marz)	(stærð 3.9)
h	P	18:59:20	(GMT, 6. marz)	(stærð 3.7)

Samkvæmt mælingum voru upptök jarðskjálftanna í um 345 km fjarlægð frá Reykjavík, en um 95 km frá Akureyri. Þau munu hafa verið norðan til í Öxarfirði (sveitinni), eða vestan

til á Öxarfjarðarheiði.

55 - 11. 13. marz 1955. Í Laugardal fundust tveir snarpir jarðskjálftakippir. Kom fyrri kippurinn kl. 1:12 og stóð yfir samfleitt í 15-20 sek. Fólk vaknaði af föstum svefni og sló óhug á það. Hús öll nötruðu og skulfu, en ekki er kunnugt um neinar skemmdir. Síðan fundust fjórar eða fimm vægar hræringar en kl. 1:55 kom aftur allsnarpur kippur (Mb. 15. marz 1955). Jarðhræringa þessara varð vart víða um Suðurland og einnig fundust þær í Reykjavík (Tí. 15. marz 1955). Í Biskupstungum hrökk fólk upp af værum svefni, en ekki vöknuðu þó allir (Ab. 15. marz 1955).

Úr svörum við dreifibréfi fengust eftirfarandi upplýsingar um jarðskjálftana 13. marz 1955 (B.V. 1955).

Á Hvolsvelli fundust 2 kippir um kl. 1:30 og 1:55, styrkleiki IV stig.

Í Mykjunesi í Holtum fundust tvær mjög vægar jarðhræringar kl. 1 og 1:52. Þær fundust ekki á næstu bæjum.

Á Hruna í Hrunamannahreppi fannst jarðskjálfti, IV stig um kl. 2. Fullorðnir vöknuðu, en ekki börn. Fannst einnig í Hörgsholti, Grafarbakka og víðar.

Á Hæli í Gnúpverjahreppi fannst jarðskjálfti kl. 1:10 til 1:15, IV stig, fáir vöknuðu. Skjálftinn fannst einnig á Steinsholti og Ásum. Einn maður fann aðra hræringu nokkru seinna.

Í Villingaholti í Flóa fundust jarðskjálftakippir kl. 1:14 og 1:55, IV stig. Allir fundu þá.

Í Hraungerði í Flóa fannst snarpur kippur kl. 1:15, IV stig, varaði í um 8 sek.

Á Selfossi fannst mjög væg hræring.

Á Torfastöðum í Biskupstungum fannst jarðskjálfti kl. 1, III stig. Hann fannst einnig í Miklholti og víðar.

Á Brekku í Biskupstungum fundust 2 kippir, sá fyrri heldur sterkari, IV stig. Jarðskjálftar fundust einnig á Syðri-Reykjum, Austurhlið og Bóli. Jarðskjálftans varð ekki vart á Miðhúsum, Úthlið, Stekkholti og Dalsmynni, enda fólk í

fasta svefni.

Á Minniborg í Grímsnesi varð jarðskjálftanna ekki vart, en vægur skjálfti fannst á Stórabæ og Brjánsstöðum.

Í Miðdal í Laugardal fundust tveir jarðskjálftakippir kl. 1-2, IV stig. Þriðji kippurinn, lítill, fannst síðar um nóttina og sá fjórði, mjög lítill, kl. 13.

Á Gröf í Laugardal fundust tveir kippir, sá fyrri snarpari. Þeir virtust helst koma úr suðri.

Á Mosfelli í Grímsnesi fannst jarðskjálftinn og vöknuðu flestir. Hann fannst einnig í Seli, Reykjalundi, Svínavatni og víðar.

Á Reykjalundi í Mosfellssveit fannst jarðskjálfti kl. 1:15, IV stig. Margir fundu skjálftann, en fáir vöknuðu. Annar kippur fannst litlu síðar eða rétt fyrir kl. 2.

Í Stardal á Kjalarnesi fundust tveir jarðskjálftakippir, sá síðari minni.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta (S.B. 1955):

- a P 02:13:17 (GMT) (stærð 4.3)
- b P 02:54:51 (GMT) (stærð 3.7)

Úptökin mældust í um 55 km fjarlægð frá Reykjavík en í um 210 km fjarlægð frá Akureyri, en það bendir til, að þau hafi verið mjög nálægt Laugarvatni.

55 - 12. 14. marz 1955. Laust fyrir kl. 24 fannst allsnarpur jarðskjálfti í Reykjavík (Mb. 15. marz 1955). Jarðskjálfti þessi fannst m.a. í Villingaholti og Hraungerði í Flóa og var á báðum stöðum talinn greinilegur (B.V. 1955), einnig í Hveragerði og Völlum í Ölfusi, talinn vægur (B.V. 1955).

Í Reykjalundi í Mosfellssveit fannst allsnarpur kippur rétt fyrir kl. 24 (B.V. 1955).

Í Krísuvík fannst einn jarðskjálftakippur, greinilegur, en ekki snarpur. Fólk, sem var sofnað vaknaði ekki (Sím. 1955). Frá Haukatungu í Kolbeinsstaðahreppi var símað að á næsta bæ hefði fundist jarðskjálftakippur kl. 23:55 (Sím. 1955).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan jarðskjálfta (S.B. 1955):

P 00:48:07 (GMT, 15. marz) (stærð 3.7)

Upptökin virðast hafa verið í suð-suðaustri í um 25 km fjarlægð.

55 - 13. 1. - 7. apríl 1955. Snarpir jarðskjálftar fundust á Suðurlandi, einkum í Hveragerði, 1. apríl. Dagblaðið Tíminn segir m.a. um jarðskjálftana í Hveragerði: "Harðir jarðskjálftar urðu hér (í Hveragerði) síðdegis í dag (1. apríl), og má segja að sífelldar hræringar hafi verið frá klukkan hálf-fimm og fram eftir öllu kvöldi. Klukkan 4:24 kom fyrsti kippurinn ... og kl. 5:40 kom langharðasti kippurinn, og lék þá allt á reiðiskjálfi". "Í hörðustu átökunum fór margt úr skorðum í Hveragerði og felmtri sló að fólki svo að það hélt sig allmjög úti við fram eftir kvöldi". "Í harðasta kippnum rigndi niður blómapottum úr gluggum, myndir og hlutir féllu niður af veggjum". "Leirtau brotnaði sums staðar og pottar sópuðust fram af eldavélum. Ísskápar færðust úr stað. Vörur úr verzlunarhillum hrundu niður. Sprungur komu í veggi einstakra húsa, en þó urðu ekki stórskemmdir á þeim. Skorsteinn hrundi á einu húsi ofan þaks". "Í einu gróðurhúsa slitnuðu vatnsleiðslur. Grjóthrun nokkuð varð úr fjallinu fyrir ofan. Rúður brotnuðu í einstaka gróðurhúsi. Hverirnir fóru flestir að spýta mórauðu er á leið, en það er venjulegt í jarðskjálftum". (Tí. 2. apríl 1955). Á Akranesi hrikta í húsum og fóru margir út (Tí. 2. apríl 1955).

Í Reykjavík fannst allsnarpur og langur jarðskjálftakippur laust fyrir klukkan 18 (Mb. 2. apríl 1955). Á Selfossi var jarðskjálftinn svo snarpur að menn mundu varla annan meiri (Mb. 2. apríl 1955). Í Skíðaskálanum í Hveradölum var jarðskjálftinn bæði harður og langur, svo að diskar og þessháttar féll úr hillum og brotnaði (Mb. 2. apríl 1955). Í Kjósinni var kippurinn einnig harður, sá snarpasti, sem



komið hefir þar lengi (Mb. 2. apríl 1955). Aldurniginn maður á Selfossi kveður vafasamt, að jafn snarpur jarðskjálftakippur hafi komið á Suðurlandsundirlendinu síðan 1896 (Ab. 2. apríl 1955).

Stöðugir smákippir voru í Hveragerði aðfaranótt 2. apríl og má segja að jörðin hafi aldrei verið kyrr. Varð mönnum því ekki svefnsamt. Upp úr hádegi 2. apríl urðu kippirnir strjállir (Ab. 3. apríl 1955). Kippirnir virðast hafa verið snarpari nær fjöllum, t.d. í Gufudal og Núpum, en í sjálfu þorpinu (Hveragerði). Á Núpum urðu nokkrar skemmdir á eldra íbúðarhúsinu, t.d. sprakk þar frá listum í lofti (Ab. 3. apríl 1955).

Úr svörum við dreifibréfi fengust eftirfarandi upplýsingar um jarðskjálftana 1. apríl 1955.

Á Loftstöllum í Mýrdal fannst jarðskjálfti, III stig kl.

17:40. Hann fannst einnig í Dyrhólaeyjarvita.

Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 17:39. Fannst einnig í kaupstaðnum.

Á Ásólfsskála, V-Eyjafjallahreppi, fannst jarðskjálfti kl.

17:45, IV stig. Fannst einnig í Holti, Mið-Skála og Hvammi.

Veikari hræring fannst kl. 16:30 á Ásólfsskála, en ekki annars staðar þar í grennd.

Á Seljalandi, V-Eyjafjallahreppi fannst jarðskjálfti kl.

17:40-17:50, talinn IV stig.

Annars staðar úr Rangárvallasýslu komu mjög samhljóða lýsingar á jarðskjálftunum. Jarðskjálftinn kl. 17:41 fannst alls staðar greinilega, yfirleitt talinn IV stig og jarðskjálftinn kl. 16:26 fannst einnig, en miklu vægari. Þessar upplýsingar komu frá eftirtöldum stöðum: Miðey í Austur-Landeyjum, Bergþórshvoli, Vestur-Landeyjum, Breiðabólsstað í Fljótshlíð, Hvolsvelli, Odda á Rangárvöllum, Miðkoti í Þykkvabæ og Mykjunesi í Holtum.

Um ofanverða Árnassýslu virðist jarðskjálftinn hafa fundist mjög svipað og um mestan hluta Rangárvallasýslu. Jarðskjálftinn kl. 17:41 fannst alls staðar, yfirleitt talinn IV stig og jarðskjálftinn kl. 16:26 fannst víðast hvar, en miklu vægari. Aðrir jarðskjálftakippir fundust ekki.

Upplýsingar í samræmi við þetta komu frá eftirtöldum stöðum: Laugardalshólum í Laugardal, Kárastöðum í Þingvallasveit, Miðdal í Laugardal, Hæli í Gnúpverjahreppi, Vorsabæ á Skeiðum, Torfastöðum í Biskupstungum, Brekku í Biskupstungum, Þingvöllum, Laugarvatni og Mosfelli í Grímsnesi. Á Kárastöðum í Þingvallasveit var maður staddur við fjárhús og sá ölduhreyfingu jarðarinnar greinilega, en öldurnar virtust koma úr suðri.

Á Minniborg í Grímsnesi var styrkleiki jarðskjálftans kl. 17:41 talinn V stig. Á almennum bændafundi á Borg stóðu allir upp tilbúnir að ganga út.

Á Stokkseyri fundu allir jarðskjálftann kl. 17:41, styrkleiki IV-V stig. Annar allsnarpur kippur kl. 16:21 og fleiri kippir munu hafa fundist.

Á Eyrarbakka er talið að sjö jarðskjálftakippir hafi fundist, kl. 6:20 (III stig), 16:29 (IV stig), 17:45 (IV stig, sterkur), og 17:47 (III stig) 1. apríl og kl. 01:00 (III stig), 05:00 (III stig) og 06:35 (II stig) 2. apríl.

Á Gaulverjabæ í Flóa fundust 2 jarðskjálftakippir, sá síðari snarpari.

Á Selfossi var styrkleiki skjálftans kl. 17:41 talinn VI stig. Aðrir jarðskjálftakippir fundust kl. 6:36 (III-IV stig) og 16:26 (IV-V stig) 1. apríl og kl. 1:45 (III stig), 2. apríl. Enn fleiri kippir fundust, en tími þeirra var ekki skráður.

Í Hveragerði fannst fyrsti skjálftinn kl. 6:30, 1. apríl, IV-V stig. Vöknuðu þá allir. Annar kippur kom 16:26, VI stig og sá sterkasti kom 17:42, VII stig. Síðari hluta dags. 1. apríl og allan daginn 2. apríl voru stöðugar smáhræringar. Nóttina milli 1. og 2. apríl voru 4 kippir það miklir að flestir vöknuðu, þó voru þeir vægari en kippurinn kl. 6:30, 1. apríl. Þann 3. apríl varð vart við 2-3 smáhræringar og 5. apríl kl. 14:45 fannst greinileg hræring.

Á Hjalla í Ölfusi var styrkleiki skjálftanna talinn allt að VII stig, en engar skemmdir urðu.

Á Hrauni í Ölfusi fundust 6 kippir, sá fyrsti kl. 6:30, 1.

apríl og sá snarpasti kl. 16:40, VI stig.

Á Þorlákshöfn fannst væg hræring kl. 6:30, 1. apríl, annar kippur kl. 16:26, IV stig og sá þriðji kl. 17:41, V stig.

Í Krísuvík fundust jarðskjálftarnir ekki og ekki heldur í Keflavík.

Í Reykjalandi í Mosfellssveit fundust jarðskjálftakippir kl. 6:32, 16:27 og 17:43, III-V stig.

Í Borgarnesi urðu fáir varir jarðskjálftans, en hann fannst m.a. í Norðtungu í Þverárhlið.

Jarðskjálftinn 1. apríl kl. 17:41 fannst einnig í Síðumúla í Hvítársíðu (Síms. 1955), Haukatungu í Kolbeinsstaðahreppi (Síms. 1955), og Svelgsá í Helgafellssveit, en þar fundust tveir kippir (Síms. 1955). Einnig fannst jarðskjálftinn í Vík í Mýrdal (E. Tryggvason 1956).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu að skjálftahrina hófst kl. 07:36 (GMT), 1. apríl og lauk 7. apríl kl. 14:19 (GMT). Alls eru skráðir 56 skjálftar að stærð 2.2 eða meiri. Eftirtaldir skjálftar voru að stærð 3.0 eða meiri (S.B. 1955):

a	P	07:36:28	(GMT, 1. apr.)	(stærð 3.3)
b	P	17:26:04	(GMT, 1. apr.)	(stærð 4.3)
c	P	18:41:33	(GMT, 1. apr.)	(stærð 5.5)
d	P	19:33:20	(GMT, 1. apr.)	(stærð 3.2)
e	P	19:38:00	(GMT, 1. apr.)	(stærð 3.0)
f	P	01:44:48	(GMT, 2. apr.)	(stærð 3.0)
g	P	01:51:45	(GMT, 2. apr.)	(stærð 3.2)
h	P	05:52:58	(GMT, 2. apr.)	(stærð 3.2)
i	P	07:31:00	(GMT, 2. apr.)	(stærð 3.6)
j	P	11:39:07	(GMT, 2. apr.)	(stærð 3.0)
k	P	14:02:18	(GMT, 4. apr.)	(stærð 3.1)

Upptök jarðskjálftanna virðast hafa verið í um 35 km fjarlægð frá Reykjavík, nálægt Hveragerði.

55 - 14. 26. apríl 1955. Í Reykjavík mældust tveir jarðskjálftar með upptök í um 210 km fjarlægð (S.B. 1955):

a	P	18:39:15	(GMT)	(stærð 3.8)
---	---	----------	-------	-------------

b P 18:41:20 (GMT) (stærð 3.4)

Mælingarnar á Akureyri benda til að fjarlægð þaðan til upptakanna hafi verið um 145 km, en það gefur upptökin í vestanverðum Vatnajökli nálægt Grímsvötnum.

55 - 15. 28. apríl 1955. Í Grindavík fannst væg jarðhræring um kl. 9:30 (sumartími), II-III stig (B.V. 1955). Jarðskjálftinn fannst einnig af örfáum í Reykjavík og Hafnarfirði (Sím. 1955). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1955):

P 09:40:35 (GMT) (stærð 3.4)

Upptökin virðast vera í 30 km fjarlægð.

55 - 16. 4. maí 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 210 km fjarlægð (S.B. 1955):

P 22:19:58 (GMT) (stærð 3.2)

Upptökin voru í vestanverðum Vatnajökli.

55 - 17. 17. maí 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjá allmikla skjálfta með upptök í 210-215 km fjarlægð (S.B. 1955):

a P 00:41:09 (GMT) (stærð 3.6)

S 41:36

b P 18:13:27 (GMT) (stærð 4.4)

S 13:52

c P 18:15:40 (GMT) (stærð 4.3)

S 16:06

Mælingar á Akureyri sýndu að fjarlægð þaðan til upptakanna var 140-150 km, en það sýnir að upptökin voru í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum.

55 - 18. 19. maí 1955. Um kl. 02:11 (03:11 eftir sumartíma) fannst allmikill jarðskjálfti á Norðurlandi.

Snarpastur mun hann hafa verið í Grímsey og við Skjálfanda, IV-V stig, en hann fannst allt austan frá Vopnafirði og vestur til Blönduóss (E. Tryggvason 1956).

Úr svörum við dreifibréfi fást eftirfarandi upplýsingar um jarðskjálftann (B.V. 1955):

Á Ásbrandsstöðum í Vopnafirði fannst jarðskjálfti kl. 3, III stig.

Á Þorvaldsstöðum í Skeggjastaðahreppi fannst jarðskjálftinn kl. 3:12, IV stig, allir vöknuðu. Annar vægari kippur fannst kl. 9:20. Jarðskjálfti fannst einnig á Bjargi og Saurbæ.

Á Kópaskeri vöknuðu flestir fullorðnir, en ekki börn.

Á Breiðuvík á Tjörnesi virtist hreyfingin koma úr norðaustri. Mikill hvinur eða drunur heyrðust.

Á Þverá í Reykjahreppi fundu flestir jarðskjálftann, sem var IV stig.

Á Staðarhóli í Aðaldal var styrkleiki skjálftans talinn V stig. Margir vöknuðu. Fannst á öllum bæjum í nágrenninu. Annar kippur fannst nokkru seinna sömu nótt.

Í Reykjahlíð í Mývatnssveit fannst jarðskjálfti kl. 3:12, IV stig. Fannst á flestum bæjum í Mývatnssveit.

Á Húsavík vöknuðu margir við jarðskjálfta kl. 3:10, og allir þeir, sem voru vakandi fundu hann.

Á Gvendarstöðum í Ljósavatnshreppi fannst jarðskjálftinn ekki, en hann fannst á flestum bæjum í nágrenninu, styrkleiki yfirleitt IV stig.

Á Sandi í Aðaldal var styrkleiki skjálftans IV-V stig.

Á Víðivöllum í Hálshreppi var styrkleikinn talinn IV stig.

Á Lundi í Gritubakkahreppi vöknuðu allir fullorðnir við skjálftann, styrkleiki III-IV stig. Hann fannst almennt í Grenivík þar sem margir vöknuðu en ekki allir.

Á Efri-Dálksstöðum á Svalbarðsströnd fannst jarðskjálftinn kl. 3:12, styrkleiki IV stig. Sumstaðar í nágrenninu vöknuðu allir við skjálftann, annars staðar engir.

Á Kristneshæli í Eyjafirði vöknuðu margir við skjálftann.

Á Akureyri fundu margir jarðskjálftann og sumir vöknuðu.

Styrkleiki IV stig.

Á Möðruvöllum í Hörgárdal vöknúðu 2 af 4 við skjálftann, styrkleiki IV stig.

Á Hjalteyri vöknúðu margir við jarðskjálftann kl. 3, styrkleiki IV stig.

Í Hrísey vöknúðu margir, styrkleiki III stig.

Á Ólafsfirði var styrkleiki skjálftans talinn V stig.

Margir vöknúðu og léttir hlutir hreyfðust.

Á Siglufirði vöknúðu allmargir við jarðskjálftann kl. 3:10, styrkleiki IV stig.

Á Siglunesi fannst jarðskjálftinn ekki.

Í Grímsey fannst jarðskjálfti kl. 3:12, IV stig. Flestir eða allir fundu hann og margir vöknúðu. Það glamraði í borðbúnaði. Smákippur fannst kl. 9:21.

Á Brautarholti í Haganeshreppi fannst væg hræring, II-III stig.

Á Reykjarhóli í Fljótum vaknaði fólk við jarðskjálftann.

Á Blönduósi fann ein stúlka jarðskjálftann, styrkleiki II stig.

Á Hólum í Hjaltadal fannst jarðskjálftinn allgreinilega (Sím. 1955).

Á Raufarhöfn var styrkleiki jarðskjálftans IV stig og svipað í Leirhöfn (B.V. 1955).

Samkvæmt þessum upplýsingum hefir jarðskjálftinn kl. 03:11 (sumartími) fundist greinilega um mestan hluta Þingeyjar-sýslu og Eyjafjarðarsýslu. Styrkleikinn virðist svipaður allt frá Eyjafirði og austur á Melrakkasléttu. Annar miklu minni skjálfti fannst í Grímsey, Þorvaldsstöðum og sennilega Staðarhóli kl. 9:20.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu báða þessa skjálfta (S.B. 1955):

a P 03:12:06 (GMT) (stærð 5.0)

b S 09:21:58 (GMT) (stærð 2.7)

Upptök skjálftanna virðast hafa verið í um 340 km fjarlægð frá Reykjavík, en í um 105 km fjarlægð frá Akureyri, en það bendir til að þau hafi verið austan við Grímsey, senni-

lega um miðja vegu milli Grímseyjar og Melrakkaslétu.

55 - 19. 7. júní 1955. Í Reykjavík mældist talsverður jarðskjálfti með upptök í um 220 km fjarlægð (S.B. 1955).

P 07:32:37 (GMT) (stærð 4.2)

Upptökin mældust í um 150 km fjarlægð frá Akureyri og voru því nálægt Grímsvötnum í Vatnajökli.

55 - 20. 11. júní 1955. Í Reykjavík mældist einn jarðskjálfti með upptök í um 250 km fjarlægð, stærð 3.3. Skjálftinn sást óljóst á jarðskjálftamælinum á Akureyri, svo að upptökin verða ekki ákvörðuð með vissu, en þau munu hafa verið í Vatnajökli eða rétt norðan hans.

55 - 21. 17. júní 1955. Í Reykjavík og á Akureyri mældist einn jarðskjálfti kl. 01:33 (GMT), stærð 3.2, í um 220 km fjarlægð frá Reykjavík og um 150 km fjarlægð frá Akureyri. Upptökin hafa því verið nálægt Grímsvötnum í Vatnajökli.

55 - 22. 25. júní 1955. Í Reykjavík mældust átta jarðskjálftar frá kl. 14:23 til 19:01 (GMT) með upptök í 150 km fjarlægð. Mestir voru þessir (S.B. 1955):

a	P	18:04:16	(GMT)	(stærð 3.2)
b	P	18:22:53	(GMT)	(stærð 3.1)
c	P	19:00:59	(GMT)	(stærð 3.6)

Samtímis þessari skjálftahrinu kom jökulhlaup úr Mýrdalsjökli og munu upptök skjálftanna hafa verið á sama stað og upptök jökulhlaupsins, en það var í Kötlu. Þessir skjálftar samtímis jökulhlaupi gefa vísbendingu um að lítið eldgos hafi orðið í Kötlu (E. Tryggvason, 1960).

55 - 23. 9. júlí 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu kl. 20:28 (GMT), stærð 3.2, upptök í um 150 km fjarlægð, sennilega í Mýrdalsjökli (S.B. 1955).

55 - 24. 14. júlí 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu talsverðan jarðskjálfta kl. 21:51 (GMT), stærð 4.0. Fjarlægð upptakanna frá Reykjavík var talin um 400 km, en 230 km frá Akureyri og upptökin um 150 km norður af Grímsey (S.B. 1955).

55 - 25. 30. júlí 1955. Á Svelgsá í Helgafellssveit fannst væg jarðhræring kl. 20:42 (B.V. 1955). Þessi hræring sást ekki á jarðskjálftamælum.

55 - 26. 31. júlí 1955. Í Reykjavík og á Akureyri mældist jarðskjálfti kl. 17:20 (GMT), stærð 3.2. Upptökin voru nálægt Grímsvötnum í Vatnajökli (S.B. 1955).

55 - 27. 10. ágúst 1955. Í Reykjavík og á Akureyri mældist jarðskjálfti kl. 20:54 (GMT), stærð 3.9. Upptök skjálftans voru nálægt Grímsvötnum (S.B. 1955).

55 - 28. 18. ágúst 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 01:45 (GMT), stærð 3.8. Upptök skjálftans voru nálægt Grímsvötnum í Vatnajökli (S.B. 1955).

55 - 29. 23. september 1955. Í Reykjavík mældist jarðskjálfti kl. 05:26 (GMT) að stærð 3.4 og með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1955). Þrír minni skjálftar mældust í september með upptök í sömu fjarlægð frá Reykjavík. Líkur eru til að upptök þessara skjálfta hafi verið í Mýrdalsjökli.

55 - 30. 8. október 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Vík í Mýrdal sýndu skjálfta kl. 05:17 (GMT), stærð 3.9. Upptök skjálftans voru nálægt Grímsvötnum (S.B. 1955).

55 - 31. 22. október 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta kl. 18:34 (GMT), stærð 3.2, með upptök í um 155 km fjarlægð (S.B. 1955).



55 - 32. 3. nóvember 1955. Í Reykjavík fannst mjög vægur jarðskjálftakippur kl. 08:34 (Síml. 1955). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann kl. 09:36 (GMT), stærð 3.6 og fjarlægð til Upptaka um 40 km (S.B. 1955).

55 - 33. 17. nóvember 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu tvo skjálfta, kl. 06:58 (GMT), stærð 3.0 og kl. 16:28 (GMT), stærð 3.2. Upptök þessara skjálfta munu hafa verið norðarlega í Mýrdalsjökli, eða þar rétt norðan við (S.B. 1955).

55 - 34. 2. desember 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 02:42 (GMT), stærð 3.3, með upptök nálægt Grímsvötnum í Vatnajökli (S.B. 1955).

55 - 35. 7. desember 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 19:49 (GMT), stærð 3.5 með upptök nálægt Grímsvötnum (S.B. 1955).

55 - 36. 11. desember 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 04:53 (GMT), stærð 3.4. Upptök skjálftans voru í 320-340 km fjarlægð frá Reykjavík og í um 80 km fjarlægð frá Akureyri, eða í námunda við Grímsey (S.B. 1955).

55 - 37. 16. desember 1955. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær hræringar með upptök í um 165 km fjarlægð, kl. 13:30 (GMT), stærð 2.8 og kl. 14:30 (GMT), stærð 3.1 (S.B. 1955).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1956

56 - 1. 13. janúar 1956. Örfáir menn í Reykjavík og Kópavogi fundu vega jarðhræringu kl. 08:02 (Sím. 1956). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu hræringuna (S.B. 1956):

P 09:02:36 (GMT) (stærð 2.6)  
S 02:39

Upptök hræringarinnar munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík.

56 - 2. 23. janúar 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta kl. 08:55 (GMT), stærð 3.2 með upptök í um 36 km fjarlægð í suðaustri (S.B. 1956).

56 - 3. 24. janúar 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 03:44 (GMT), stærð 3.3, með upptök í vestanverðum Vatnajökli nálægt Grímsvötnum (S.B. 1956).

56 - 4. 22. febrúar 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 22:30 (GMT), stærð 3.5, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1956).

56 - 5. 5. marz 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta kl. 21:40 (GMT), stærð 3.0, með upptök í um 50 km fjarlægð (S.B. 1956).

56 - 6. 30. marz 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 03:16 (GMT), stærð 3.2, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1956).

56 - 7. 6. apríl 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 04:22 (GMT), stærð

3.8, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1956).

56 - 8. 27. apríl 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 15:23 (GMT), stærð 3.6, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum. (S.B. 1956).

56 - 9. 2. maí 1956. Í Fljótstungu í Hvítarsíðu fannst snarpur jarðskjálfti á ellefta tímanum um kvöldið (Sím. 1956). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan skjálfta (S.B. 1956):

P	22:46:49	(GMT)	(stærð 3.4)
S	46:59		

Upptök skjálftans voru í um 84 km fjarlægð frá Reykjavík.

56 - 10. 11. maí 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 18:35 (GMT), stærð 3.4, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1956).

56 - 11. 1. júní 1956. Í Reykjavík fannst allsnarpur jarðskjálfti kl. 10:46 (sumartími) og annar heldur vægari kl. 12:11. Vægar hræringar fundust einnig kl. 10:47, 12:19, 13:24 og 13:32.

Í Hafnarfirði fannst snarpur jarðskjálfti kl. 10:46 (Sím. 1956).

Í Krísvík fundust mjög snarpir jarðskjálftakippir kl. 10:46 og 10:47 og sá þriðji nokkru vægari kl. 12:12. Í snörpustu kippunum hoppaði kannan á borði (Sím 1956). Fjórði kippurinn fannst í Krísvík kl. 13:32 (Ab. 2. júní 1956).

á Keflavíkurflugvelli fannst vægur jarðskjálfti um kl. 11 (Sím. 1956).

Í Villingaholti í Flóa fundust tveir jarðskjálftakippir kl. 11:50 og 12:15, IV stig (B.V. 1956).

Á Gaulverjabæ í Flóa fannst vægur jarðskjálfti, III stig. Jarðskjálftans varð einnig vart í Selparti og Ragnheiðarstöðum (B.V. 1956).

Á Stokkseyri fannst mjög væg jarðhræring. Hún fannst einnig á Selfossi (B.V. 1956).

jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 22 jarðskjálftakippi frá kl. 10:46 til 13:34 (GMT). Þessir voru mestir (S.B. 1956):

a	P	10:46:22	(GMT)	(stærð 4.7)
b	P	10:47:25	(GMT)	(stærð 3.8)
c	P	10:52:38	(GMT)	(stærð 3.1)
d	P	10:57.10	(GMT)	(stærð 3.5)
e	P	12:10:12	(GMT)	(stærð 4.1)
f	P	12:19:22	(GMT)	(stærð 3.4)
g	P	13:33:39	(GMT)	(stærð 3.5)

Upptök jarðskjálftans munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík. Mælingar á Akureyri og í Vík í Mýrdal benda til að upptökin hafi verið í um 295 km fjarlægð frá Akureyri en 165 km fjarlægð frá Vík, eða nálægt Krísuvík.

56 - 12. 10. júní 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálftakippi með upptök í um 200 km fjarlægð (S.B. 1956):

a	P	13:56:15	(GMT)	(stærð 3.4)
b	P	14:06:05	(GMT)	(stærð 4.7
	S	06:31		
c	P	14:10:44	(GMT)	(stærð 3.7)
d	P	14:50:11	(GMT)	(stærð 3.5)

Mælingar í Vík í Mýrdal sýndu að upptökin voru í vestanverðum Vatnajökli, skammt vestur af Grímsvötnum.

56 - 13. 14. júní 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 17:52 (GMT), stærð 3.1 með upptök á sömu slóðum og 10. júní (S.B. 1956).

56 - 14. 17. júní 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 05:34 (GMT), stærð 4.1. Upptök jarðskjálftans voru í um 215 km fjarlægð frá Reykjavík, 180 km fjarlægð frá Vík og 100 km fjarlægð frá Akureyri, eða nálægt Vonarskarði (S.B. 1956).

56 - 15. 16. júlí 1956. Í Grindavík fannst vægur jarðskjálfti um kl. 6. Hann var snarpastur í Ísólfsskála, en vægari í Járngerðarstaðahverfi (B.V. 1956). Jarðskjálftinn fannst einnig í Krísuvík, IV stig og í Reykjavík III stig (E. Tryggvason 1959, S.B. 1956). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1956):

P 06:53:28 (GMT) (stærð 4.1)  
S 53:32

Upptök skjálftans voru í um 32 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega skammt vestur af Krísuvík.

56 - 16. 22. júlí 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 15:50 (GMT), stærð 3.6, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls, nálægt Kistufelli (S.B. 1956).

56 - 17. 28. júlí 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 20:01 (GMT), stærð 3.7, með upptök nálægt miðjum Vatnajökli (S.B. 1956).

56 - 18. 29. ágúst 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 07:28 (GMT), stærð 3.2, með upptök í Vatnajökli (S.B. 1956).

56 - 19. 8. september 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 11:54 (GMT), stærð 3.8. Upptökin voru í um 295 km fjarlægð frá Reykjavík og um 74 km frá Akureyri (S.B. 1956). Eftir því hafa upptökin annað hvort verið nálægt Herðubreið eða um 20 km

norður af Siglunesi.

56 - 20. 29. - 30. október 1956. Jarðskjálftar fundust um mestan hluta Norðurlands og á Norðausturlandi. Upplýsingar þær, sem hér fara á eftir eru að mestu úr svörum við dreifibréfi, sem Veðurstofan sendi til fjölmargra einstaklinga um norðanvert landið (B.V. 1956).

Í Gunnhildargerði í Hróarstungu fannst mjög væg jarðhræring kl. 15:18, 29. október og önnur svipuð nálægt miðnætti næstu nótt.

Á Ljótsstöðum í Vopnafirði fannst jarðhræring kl. 23:12, 29. október.

Á Hámundarstöðum í Vopnafirði fannst greinilegur jarðskjálfti, IV stig, kl. 23:15, 29. október.

Á Þorvaldsstöðum í Skeggjastaðahreppi fundust jarðskjálftarnir ekki, en í Miðfirði, Miðfjarðarnesseli og Saurbæ fannst jarðskjálfti kl. 23:10 29. október og í Miðfjarðarnesseli fannst einnig væg hræring um kl. 16.

Í Skoruvík í Sauðaneshreppi fannst jarðskjálftinn ekki, en hræringar fundust á Ytra-Lóni kl. 15:20 og 23:15, Eldjárnsstöðum kl. 23:08, Hallgilsstöðum kl. 18:20 og 18:35 og Hvammi í Þistilfirði kl. 21:30, 23:15 og smákippur eftir miðnætti.

Í Þórshöfn fannst vægur jarðskjálfti kl. 23:08.

Á Garði í Svalbarðshreppi fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. 15-16 29. október og annar næstu nótt. Jarðskjálftinn fannst einnig á næstu bæjum.

Á Raufarhöfn fannst jarðskjálfti kl. 15:22, III stig. Hann fannst einnig á Leirhöfn, Oddstöðum og víðar á Melrakka-sléttu og einnig á Daðastöðum í Núpasveit. Annar smákippur fannst fyrr um daginn á Raufarhöfn, um kl. 12:50. Enn fannst á Raufarhöfn jarðskjálfti kl. 23:06, IV stig.

Á Kópaskeri fundust jarðskjálftakippir kl. 15:23 og 23:15, 29. október, III stig.

Á Núpi í Öxarfirði fundust vægir jarðskjálftar kl. 15:15 og 23:12, 29. október. Þeir fundust einnig á Ærlæk, Ærlækjar-

seli, Skinnastað og víðar. Á Ærlæk og Ærlækjarseli fundust einnig skjálftar kl. 12:50 og 15:30.

Í Ásbyrgi í Kelduhverfi fundust jarðskjálftar kl. 15:20 og 23:12, 29. október. Þeir fundust einnig í Lindarbrekku og Syðri-Bakka.

Á Víkingavatni í Kelduhverfi fannst jarðskjálfti kl. 23:15, IV stig. Hann fannst einnig í Vogum og Lóni og á Auðbjargarstöðum fannst jarðskjálfti um kl. 16.

Í Reynihlíð í Mývatnssveit fannst mjög væg jarðhræring kl. 23:07, 29. október.

Á Máná á Tjörnesi fundust jarðskjálftakippir kl. 12:48, IV stig, kl. 15:21, IV stig, kl. 15:32, II stig og kl. 23:11 IV stig og enn einn litlu síðar.

Í Breiðuvík á Tjörnesi fundust jarðskjálftakippir, III-IV stig, um hádegi, kl. 15:20 og 23:13. A.m.k. þrír kippir fundust á öllum bæjum í hreppnum og víða fundust tveir kippir til viðbótar. Á Hóli dattu myndir af veggjum.

Á Þverá í Reykjahverfi fannst vægur jarðskjálfti að kvöldi 29. október.

Á Húsavík fundust þrír vægir jarðskjálftakippir, kl. tæplega 13, 15:15 og um 23:15. Fáir fundu fyrsta skjálftann en margir fundu þá tvo síðari.

Í Kasthvammi í Laxárdal fundust jarðhræringar kl. 12:45, III stig, 15:25, III stig og 23:15 IV stig, í Árhvammi kl. 15:25, III stig, Hólum kl. 12:45, III stig, Halldórsstöðum kl. 23:15, III-IV stig og Birningsstöðum kl. 23:15, IV stig.

Á Sandi í Aðaldal fundust jarðskjálftar kl. 12:49, II stig, kl. 15:24, III stig og laust fyrir miðnætti 29. október.

Í Ljósavatnshreppi fundust jarðskjálftar á flestum bæjum, III-IV stig. Víðast fundust fjórir kippir, en annars staðar þrír.

Á Mýri í Bárðardal fannst vægur jarðskjálfti kl. rúmlega 23. Annar svipaður kippur fannst eftir hádegi sama dag. Jarðskjálftarnir fundust einnig á næstu bæjum.

Á Skógum í Fnjóskadal fundust jarðskjálftar kl. 15:21, 15:32 og rúmlega 23, 29. október, styrkleiki III-IV stig.

Á Efri-Dálkstöðum á Svalbarðsströnd fundust jarðskjálfta-

kippir, III stig, kl. 15:21 og 23:12.

Í Grimsey fundust jarðskjálftakippir kl. 12:46, IV stig, kl. 15:23, kl. 19:48, kl. 23:12 og kl. 23:45, 29. október og kl. 3:00, 5:45 og 5:48, 30. október. Auk þess fundust margir smákippir.

Á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. rúmlega 23. Á Grund í Eyjafirði fannst allsnarpur jarðskjálfti á sama tíma.

Á Akureyri fundust jarðskjálftakippir, III-IV stig, kl. 15:20 og 23:10. Væg hræring fannst einnig kl. 12:30.

Á Hjalteyri fannst jarðskjálfti kl. 15:20, III stig, og annar minni skömmu eftir hádegi.

Á Möðruvöllum í Hörgárdal fannst væg jarðhræring kl. 23:11, III stig.

Í Hrísey fundust þrjár jarðskjálftakippir, sá síðasti mestur, III stig.

Í Ólafsfirði fundust jarðskjálftar kl. 12:35, kl. 15:21, IV stig, kl. 15:40 og kl. 23:11.

Á Siglunesi fundust tveir jarðskjálftakippir, sá síðari var meiri.

Á Molastöðum í Fljótum fannst jarðskjálfti kl. 15:22, IV stig. Fannst hann víða í Fljótum. Annar kippur kom kl. 23:17.

Á Hólum í Hjaltadal fundust fjórar hræringar, tvær mjög vægar, en dálitlir kippir kl. 15:21 og 23:12. Hræringar fundust einnig á Hofi, Hvammi og Kálfsstöðum.

Á Sauðarkróki varð jarðskjálftanna ekki vart, en einhverjar jarðhræringar fundust m.a. á Höskuldsstöðum í Blönduhlíð, Marbæli í Óslandshlíð, Reykjum á Reykjaströnd og Heiði í Gönguskörðum.

Á Hrauni á Skaga fannst jarðskjálftinn ekki, en á Sævarlandi fundust tvær hræringar og ein á Þangskála.

Á Skagaströnd fannst mjög væg jarðhræring kl. 23:15, 29. október.

Upplýsingar þessar benda til að jarðskjálftarnir hafi verið snarpastir í Grimsey, en litlu vægari á Tjörnesi.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 15 skjálfta 29.



og 30. október, þar af voru þessir mestir (S.B. 1956):

a	P	13:49:13	(GMT, 29. okt.)	(stærð 4.5)
b	P	16:21:48	(GMT, 29. okt.)	(stærð 4.8)
c	P	16:32:43	(GMT, 29. okt.)	(stærð 4.5)
d	P	16:38:51	(GMT, 29. okt.)	(stærð 3.8)
e	P	16:57:45	(GMT, 29. okt.)	(stærð 4.0)
f	P	17:04:32	(GMT, 29. okt.)	(stærð 3.8)
g	P	00:11:51	(GMT, 30. okt.)	(stærð 5.1)
h	P	06:43:37	(GMT, 30. okt.)	(stærð 3.6)

Jarðskjálftamælarnir sýndu að upptökin voru í um 100 km fjarlægð frá Akureyri, 340 km frá Reykjavík og 360 km frá Vík, en það sýnir að þau voru skammt suðaustan við Grímsey.

56 - 21. 5. nóvember 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár jarðhræringar, kl. 08:30 (GMT), stærð 3.5, kl. 10:38 (GMT), stærð 3.4 og kl. 11:45 (GMT), stærð 3.6 (S.B. 1956). Upptök þessara hræringa sýnist hafa verið á sama stað og upptök jarðskjálftanna 29. og 30. október, eða skammt suðaustan við Grímsey.

56 - 22. 8. nóvember 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta kl. 07:03 (GMT), stærð 3.2, með upptök í um 155 km fjarlægð (S.B. 1956).

56 - 23. 8. nóvember 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu einn jarðskjálfta kl. 13:30 (GMT), stærð 3.6 með upptök í vestanverðum Vatnajökli (S.B. 1956).

56 - 24. 17. nóvember 1956. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu tvær jarðhræringar, kl. 04:29 (GMT), stærð 2.9 og kl. 11:17 (GMT), stærð 3.2 (S.B. 1956). Upptökin voru í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík og um 70 km fjarlægð frá Vík, en það bendir til að þau hafi verið í Torfajökli, eða þar nálægt.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1957

57-1. 3. janúar 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta kl. 07:46 (GMT), stærð 3.5 með upptök í um 310 km fjarlægð. Mælingar á Akureyri bentu til að upptökin væru í 100-120 km fjarlægð, sem bendir til að upptökin hafi verið fyrir norðan land, sennilega í nágrenni við Grímsey (S.B. 1957).

57-2. 18. janúar 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu skjálfta kl. 05:19 (GMT), stærð 3.3 með upptök nálægt Torfajökli (S.B. 1957).

57-3. 28. febrúar 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 23:10 (GMT), stærð 3.7, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum eða nokkru vestar (S.B. 1957).

57-4. 3. marz 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 01:12 (GMT), stærð 3.2 (S.B. 1957). Upptökin mældust í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík, en fjarlægðin frá Akureyri og Vík var jöfn, sennilega 160-180 km. Þetta bendir til að upptökin hafi verið í vestanverðum Langjökli eða nálægt Eiríksjökli.

57-5. 24.-26. marz 1957. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti kl. 18:32 (Sím. 1957). Jarðskjálftinn fannst einnig í Hafnarfirði (Sím. 1957). Í Krísuvík fundust margar hræringar og var fyrsti kippurinn kl. 17:30 langsnarpastur, VI stig, en snarpir kippir komu kl. 18:30 (V stig), kl. 23 (V stig), og 25. marz kl. 2 (V stig) og kl. 7 (IV stig). Alls fundust 8 talsverðir kippir (Sím. 1957). Aftur fundust í Krísuvík talsverðir jarðskjálftakippir 25. marz kl. 11:30, 13, 18:30 og 19:15 og 26. marz kl. 10:30 (Sím. 1957).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 8 hræringar milli kl. 18:58, 24. marz og kl. 14:14, 25. marz, þar af tvær mestar (S.B. 1957).

a P 18:58:09 (GMT) (stærð 3.3)  
b P 19:32:39 (GMT) (stærð 4.0)

Upptök skjálftanna mældust í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík og 180 km fjarlægð frá Vík í Mýrdal, en það bendir til að þau hafi verið mjög nálægt Krísuvík.

57 - 6. 14. apríl 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 02:54 (GMT), stærð 3.5, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1957).

57 - 7. 23. apríl 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 09:39 (GMT), stærð 3.2, með upptök í vestanverðum Vatnajökli (S.B. 1957).

57 - 8. 20. maí 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu allmikinn jarðskjálfta kl. 00:49 (GMT), stærð 4.2, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1957).

57 - 9. 31. maí - 1. júní 1957. Í Reykholti í Reykholtsdal fundust tíðir skjálftar er hófust kl. 21, 31. maí og héldu áfram um nóttina. Það hrikkti í húsum og drunur heyrðust. Hreyfingin virtist koma úr NNA. Styrkleiki kippanna III-IV stig (SíM 1957).

Á Breiðabólstað í Reykholtsdal vaknaði fólk við hræringarnar aðfaranótt 1. júní. Á Úlfsstöðum hvarf laug, sem notuð var til upphitunar, en vatnið kom aftur og var þá kalt. Skjálftarnir fundust ekki í Deildartungu eða Giljum í Hálsasveit (SíM. 1957).

Hræringar þessar sáust ekki á jarðskjálftamælum.

57 - 10. 14. júní 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta (S.B. 1957):

a P 23:48:57 (GMT) (stærð 3.0)

b P 23:51:15 (GMT) (stærð 3.1)

Upptök skjálftanna voru í 50-60 km fjarlægð.

57 - 11. 6. júlí 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 09:45 (GMT), stærð 3.3, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1957).

57 - 12. 24. júlí 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálfta kl. 17:53 (GMT), stærð 3.7, með upptök í um 220 km fjarlægð. Óljósar mælingar skjálftans í Vík í Mýrdal benda til að upptökin hafi verið suðvestur af Reykjanesi (S.B. 1957).

57 - 13. 11. september 1957. Á Siglunesi fannst snöggur jarðskjálfti kl. 21:13, myndir hristust á veggjum og smá-dót datt niður af hillu (V.b. 1957). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Akureyri sýndu skjálftann kl. 21:12 (GMT), stærð 3.3 og virðast upptökin hafa verið í um 260 km fjarlægð frá Reykjavík og um 80 km fjarlægð frá Akureyri (S.B. 1957).

57 - 14. 15. september 1957. Á Siglunesi fundust tveir litlir jarðskjálftakippir um kl. 23:30 (V.b. 1957). Þeir sáu ekki á jarðskjálftamælum.

57 - 15. 11. október 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 04:53 (GMT), stærð 3.7, með upptök í Vatnajökli, sennilega á milli Grímsvatna og Kverkfjalla (S.B. 1957).

57 - 16. 4. nóvember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl.

11:56 (GMT), stærð 3.7 og annan kl. 12:43 (GMT), stærð 3.3, með upptök nálægt Torfajökli (S.B. 1957).

57 - 17. 18. nóvember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 05:54 (GMT), stærð 3.8, með upptök nálægt Torfajökli eða norðanverðum Mýrdalsjökli (S.B. 1957).

57 - 18. 29. nóvember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 11:35 (GMT), stærð 3.9. Upptök skjálftans mældust í um 140 km fjarlægð frá Reykjavík, um 120 km fjarlægð frá Akureyri og um 170 km fjarlægð frá Vík, eða nálægt 65.0°N, 10.8°V, sem er skammt norðan við Langjökul, nálægt fjallinu Krák (S.B. 1957).

57 - 19. 8. desember 1957. Á Árskógsströnd fannst jarðskjálfti kl. 3:40 (Da. 1957). Á Máná á Tjörnesi fannst mjög væg jarðhræring kl. 18:59 (B.V. 1958). Hræringar þessar sáust ekki á jarðskjálftamælum.

57 - 20. 9. desember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu allmikinn jarðskjálfta kl. 08:02 (GMT), stærð 4.6, með upptök nálægt norðurbrún Vatnajökuls í nágrenni Kistufells (S.B. 1957).

57 - 21. 9. desember 1957. Á Árskógsströnd fannst jarðskjálfti kl. 21:40. Hann fannst einnig á Dalvík og Ólafsfirði (Da. 1957). Snöggur jarðskjálfti fannst á Ólafsfirði og Dalvík kl. 21:40 (R.Ú. 10. des. 1957). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu þennan skjálfta kl. 22:40 (GMT), stærð 3.0. Upptökin mældust í um 255 km fjarlægð frá Reykjavík og um 32 km frá Akureyri, sem bendir til að þau hafi verið nálægt Hrísey (S.B. 1957).

57 - 22. 20. desember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálfta kl. 11:52 (GMT), stærð 3.6, með

upptök í um 185 km fjarlægð (S.B. 1957).

57 - 23. September - Desember 1957. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu allmarga jarðskjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík og 40-60 km frá Vík. Hér á undan er getið þeirra, sem mestir voru, en aðrir skjálftar að stærð 3.0 eða meiri voru (S.B. 1957):

9. sept.	kl. 23:11	(GMT),	stærð 3.1
12. sept.	kl. 22:04	(GMT),	stærð 3.1
26. sept.	kl. 21:30	(GMT),	stærð 3.0
26. okt.	kl. 17:47	(GMT),	stærð 3.2
28. okt.	kl. 12:53	(GMT),	stærð 3.2
10. nóv.	kl. 15:13	(GMT),	stærð 3.1
25. nóv.	kl. 23:53	(GMT),	stærð 3.0
30. nóv.	kl. 15:50	(GMT),	stærð 3.5
3. des.	kl. 03:49	(GMT),	stærð 3.3

Upptök allra þessara skjálfta munu hafa verið nálægt Torfajökli eða norðanverðum Mýrdalsjökli.

#### JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1958

58 - 1. 3. janúar 1958. Í Grímsey fannst jarðskjálfti kl. 00:45 (B.V. 1958). Hann sást ekki á jarðskjálftamælum.

58 - 2. 12. janúar 1958. Í Grindavík fannst mjög væg jarðhræring kl. 01:50 (Sím. 1958). Jarðskjálftamælarnir sýndu engan skjálfta.

58 - 3. 27. janúar 1958. Í Hveragerði fannst snarpur jarðskjálftakippur síðdegis (Sím. 1958). Í Reykjavík fannst mjög væg jarðhræring á sama tíma (Sím. 1958). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn talsverðan skjálfta

kl. 15:07 (GMT), stærð 3.9 og þrjár mjög litlar hræringar milli 14:24 og 15:55 (GMT). Upptök hræringanna munu hafa verið nálægt Hveragerði (S.B. 1958).

58 - 4. 5. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta kl. 13:53 (GMT), stærð 3.6 með upptök í um 30 km fjarlægð, sennilega í suðri (S.B. 1958). Ekki er vitað til að jarðskjálftinn hafi fundist, en upptökin munu hafa verið í nágrenni Krísuvíkur.

58 - 5. 7. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta kl. 21:44, stærð 3.2, með upptök í 20-30 km fjarlægð (S.B. 1958).

58 - 6. 8. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu einn jarðskjálfta kl. 07:53 (GMT), stærð 4.0, með upptök í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík sennilega í suðri (S.B. 1958). Ekki er vitað til að þessi jarðskjálfti hafi fundist, þó það sé líklegt.

58 - 7. 16. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu tvo jarðskjálfta, kl. 22:59 (GMT), stærð 3.7 og kl. 23:02 (GMT), stærð 4.5. Upptök jarðskjálftanna voru í um 450 km fjarlægð frá Reykjavík og 250 km fjarlægð frá Akureyri, eða fyrir norðan Ísland, rúmlega 100 km norður af Grímsey (S.B. 1958).

58 - 8. 20. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta kl. 12:07 (GMT), stærð 3.3, með upptök í um 32 km fjarlægð (S.B. 1958).

58 - 9. 26. febrúar 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu tvo jarðskjálfta kl. 06:27, stærð 3.2, og kl. 07:09, stærð 3.2. Upptökin voru í um 230 km fjarlægð frá Reykjavík en í um 100 km fjarlægð frá Akureyri, eða við norðurbrún Vatnajökuls nálægt Kistufelli (S.B. 1958).

58 - 10. 24. marz 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 00:42 (GMT), stærð 3.7 með upptök í Vatnajökli, sennilega á milli Grímsvatna og Kverkfjalla (S.B. 1958).

58 - 11. 25. apríl 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 22:09 (GMT), stærð 3.5, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls nálægt Kistufelli (S.B. 1958).

58 - 12. 30. apríl 1958. Á Máná á Tjörnesi fannst vægur jarðskjálfti kl. 16:41, styrkleiki II-III stig (Sím. 1958). Hann sást ekki á jarðskjálftamelum.

58 - 13. 8. maí 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 07:26, stærð 3.8, með upptök í vestanverðum Vatnajökli, nálægt Grímsvötnum (S.B. 1958).

58 - 14. 8. júní 1958. Á Máná á Tjörnesi fannst jarðskjálftakippur kl. 12:02, III stig, virtist koma úr norðaustri (B.V. 1958). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálftann kl. 12:01 (GMT), stærð 2.9 og voru upptökin í um 330 km fjarlægð frá Reykjavík og 75 km frá Akureyri en það bendir til að þau hafi verið skammt norður af Tjörnesi (S.B.1958).

58 - 15. 2. júlí 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 00:51 (GMT), stærð 3.2, með upptök í Vatnajökli, sennilega á milli Grímsvatna og Kverkfjalla (S.B. 1958).

58 - 16. 9. júlí 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 16:07 (GMT), stærð 3.2 með upptök í um 260 km fjarlægð frá Reykjavík. Mælingar á Akureyri og Kirkjubæjarklaustri voru óljósar, svo að fjarlægð upptakanna verður ekki ákvörðuð,



en ljóst er að upptökin voru nálægt norðurströnd Íslands, sennilega vestan Eyjafjarðar (S.B. 1958).

58 - 17. 19. júlí 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 16:01 (GMT), stærð 3.4, með upptök í um 270 km fjarlægð frá Reykjavík og um 65 km frá Akureyri. Mæling á Kirkjubæjarklaustri var óljós (S.B. 1958). Upptök skjálftans geta hafa verið í Ódáðahrauni, í nágrenni Bláfjalls, eða nálægt Siglufirði.

58 - 18. 22. júlí 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 09:36 (GMT), stærð 3.3, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls, nálægt Kistufelli (S.B. 1958).

58 - 19. 3. ágúst 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri sýndu jarðskjálfta kl. 18:26, stærð 3.2, með upptök nálægt norðurbrún Vatnajökuls vestarlega (S.B. 1958).

58 - 20. 17. ágúst 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta kl. 23:48 (GMT), stærð 3.0, með upptök um 30 km frá Reykjavík í austri (S.B. 1958).

58 - 21. 23. ágúst 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta, kl. 19:12 (GMT), stærð 3.0 og kl. 19:33 (GMT), stærð 3.1, með upptök í um 20 km fjarlægð í aust-suðaustri (S.B. 1958).

58 - 22. 30. ágúst 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðhræringu kl. 10:05 (GMT), stærð 3.1, með upptök í vestanverðum Vatnajökli (S.B. 1958).

58 - 23. 21. september 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarð-

skjálfta kl. 01:31 (GMT), stærð 3.4, með upptök í Vatnajökli, sennilega á milli Grímsvatna og Kverkfjalla (S.B. 1958).

58 - 24. 24. september 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 19:46 (GMT), stærð 3.8, með upptök í Vatnajökli, sennilega skammt norðaustan Grímsvatna (S.B. 1958).

58 - 24. 27. september 1958. Á Húsavík fannst mjög snarpur jarðskjálfti kl. 10:42 og greinilegir kippir fundust kl. 11:20 og kl. 21 (sumartími). Einnig fundust smáhræringar á undan fyrsta kippnum. Á Siglufirði fundust kippir kl. 10:42 og 11:20, á Dalvík kl. 10:42, í Höfðahverfi tveir kippir um kl. 11 og á Akureyri fundust einnig kippir um kl. 11 (R.Ú. 1958). Styrkleiki mesta skjálftans á Húsavík mun hafa verið V-VI stig (Sí. 1958). Á Máná á Tjörnesi fannst jarðskjálfti kl. 10:42, IV stig. Fannst hann á öllum bæjum á Tjörnesi og sumstaðar varð vart við fleiri kippi (B.V. 1958). Á Þverá í Reykjahreppi fannst jarðskjálftinn ekki, en hans varð lítillega vart í Bláhvammi (B.V. 1958). Á Grenjastað í Aðaldal fannst jarðskjálftinn greinilega, III-IV stig, og virtist koma úr austri. Fólk kom hlaupandi út úr húsum. Jarðskjálftinn fannst á öllum bæjum í nágrenninu. Annar lítill kippur fannst skömmu seinna. Hávaði heyrðist í húsum og drunur í fjöllum (B.V. 1958). Á Sandi í Aðaldal fannst jarðskjálftakippur kl. 10:45, IV stig og smákippur litlu síðar (B.V. 1958). Á Hvítafelli í Reykjadal fannst jarðskjálftinn ekki, en hann fannst á Hólum og Breiðumýri (B.V. 1958). Á Gvendarstöðum í Ljósavatnshreppi fannst mjög væg jarðhræring. Jarðskjálftinn fannst um alla sveitina frá Björgum að Ljósavatni, þó ekki á öllum bæjum. Sumstaðar fundust tveir kippir með um hálf tíma millibili og var sá síðari vægari (B.V. 1958). Á Möðruvöllum í Hörgárdal fannst jarðskjálftinn ekki, en

smátitrings varð vart á Hallgilsstöðum (B.V. 1958).

Á Hjalteyri fannst væg jarðhræring, III stig (B.V. 1958).

Á Dalvík fundu allflestir þeir, sem innan húss voru væga jarðhræringu um kl. 10:35. Jarðskjálftinn fannst víða á bæjum í Svarfaðardal (B.V. 1958).

Á Siglunesi fannst jarðskjálfti kl. 11:50, IV stig (B.V. 1958).

Á Móafelli í Holtshreppi fannst væg jarðhræring, III stig. Jarðskjálftinn fannst víðast hvar um hreppinn (B.V. 1958).

Á Reykjum á Reykjaströnd og Utanverðunesi í Hegranesi var talið að mjög væg jarðhræring hefði fundist (B.V. 1958).

Ekki er vitað að jarðskjálftarnir 27. september hafi fundist annars staðar en að ofan greinir og er sérstaklega athyglisvert að þeir fundust ekki í Kelduhverfi, Öxarfirði eða Melrakkaslétu, en þar var haldið uppi fyrirspurnum um þá.

Jarðskjálftamælarnir sýndu alls fjóra skjálfta (S.B. 1958):

- a kl. 10:42 (GMT), stærð 4.6
- b kl. 10:56 (GMT), stærð 2.6
- c kl. 11:20 (GMT), stærð 3.8
- d kl. 21:01 (GMT), stærð 3.1

Upptök þessara skjálfta voru í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík, 55 km frá Akureyri og 270 km frá Kirkjubæjarklaustri, eða í Skjálfanda, skammt frá Húsavík.

58 - 25. 2. október 1958. Á Sultum í Kelduhverfi fannst væg jarðhræring kl. 8:30 (B.V. 1958). Hún sást ekki á jarðskjálftamælum.

58 - 26. 4. október 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu tvær jarðhræringar, kl. 00:58 (GMT), stærð 3.3 og kl. 03:51 (GMT), stærð 2.9, með upptök um 20 km frá Reykjavík, sennilega í suðaustri (S.B. 1958).

58 - 27. 8. október 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykja-

vík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 16:37 (GMT), stærð 3.2, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls, nálægt Kistufelli (S.B. 1958).

58 - 28. 8. nóvember 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu tvo jarðskjálfta, kl. 00:02 (GMT), stærð 3.7 og kl. 13:43 (GMT), stærð 4.1, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls, nálægt Kistufelli.

58 - 29. 8. nóvember 1958. Á Máná á Tjörnesi fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 7:30, II-III stig. Jarðskjálftinn fannst talsvert meira á Húsavík og hér innar á nesinu. Þar fundust kippir fyrr um nóttina, það sterkir að sumir vöknuðu (B.V. 1958).

Á Breiðuvík á Tjörnesi fannst mjög væg jarðhræring kl. 7:30. Jarðskjálftinn fannst einnig í Ytritungu (B.V. 1958). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu tvo skjálfta, kl. 07:08 (GMT), stærð 3.0 og kl. 08:31 (GMT), stærð 3.6. Upptök skjálftanna voru á sömu slóðum og 27. september, í Skjálfanda, skammt frá Húsavík (S.B. 1958).

58 - 30. 14. nóvember 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Akureyri og Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 13:29 (GMT), stærð 3.5, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls, nálægt Kistufelli (S.B. 1958).

58 - 31. 3. desember 1958. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðskjálfta kl. 11:10 (GMT), stærð 3.2, með upptök í vestanverðum Vatnajökli (S.B. 1958).

58 - 32. 5. - 6. desember 1958. Í Grimsey fundust snarpir jarðskjálftakippir kl. 24:00, 5. desember og kl. 00:23, 10:13, 14:32 og 14:33, 6. desember (Sím 1958). Á Siglufirði fundust tveir vægir jarðskjálftakippir um

miðnættið, 5. - 6. desember, sá seinni öllu meiri (Síml. 1958).

Á Tjörnesi fannst snöggur jarðskjálftakippur um kl. 14:32. Fundu hann flestir eða allir, sem inni voru. Jarðskjálftinn fannst á flestum bæjum. Sumir töldu sig finna kippi snemma um morguninn (B.V. 1958).

Á Húsavík fannst mjög væg jarðhræring um kl. 15:46 6. desember (B.V. 1958).

Á Staðarholti í Ljósavatnshreppi fundust tveir snöggir kippir með um það bil 1 mín. millibili um kl. 15:35. Jarðskjálftarnir fundust ekki annars staðar í hreppnum (B.V. 1958).

Á Akureyri varð vart vægra jarðhræringa, sem fremur fáir fundu (B.V. 1958).

Í Hrísey fannst væg jarðhræring kl. 10:10, 6. desember. Nokkrir svipaðir kippir fundust, en fáir fundu þá (B.V. 1958).

Í Ólafsfirði fundust nokkrir jarðskjálftakippir 6. desember, fyrst kl. rúmlega 9, II stig, kl. 10:11, III stig, kl. 14:31, III stig, kl. 14:32, III stig og laust fyrir kl. 16, mjög væg hræring (B.V. 1958).

Á Siglunesi fundust jarðskjálftar kl. 00:00, kl. 00:05, III stig, kl. 10:10, kl. 14:15 (tveir kippir), allt 6. desember (B.V. 1958).

Á Haganesvík fundust jarðskjálftakippir kl. 10:12 og 14:30, III stig. Allir fundu þá.

Á Móafelli í Holtshreppi fundust jarðskjálftar kl. 23:55, 5. desember, kl. 00:00, 08:45, 08:52, 15:50 og 18:30, 6. desember. Þessir jarðskjálftar fundust af flestum í hreppnum (B.V. 1958).

Á Hólum í Hjaltadal fundust vægir jarðskjálftakippir kl. 00:03, 10:14, 14:30 og 14:35, 6. desember. Jarðskjálfta varð vart á næstu bæjum og einnig á Hofsósi um kl. 14:30 (B.V. 1958).

Á Hrauni á Skaga varð jarðskjálftanna ekki vart, en á tveimur bæjum í nágrenninu, Hvammi og Sævarlandi fundust vægar jarðhræringar, á Sævarlandi um miðnætti og aftur um

kl. 15 og í Hvammi á ellefta tímanum 6. desember (B.V. 1958).  
Í Höfðakaupstað fundust tveir litlir jarðskjálftakippir með  
2-3 mín millibili um kl. 15:31, 6. desember.

Jarðskjálftamælar sýndu marga skjálfta, en þessir voru að  
stærð 3 eða meiri, allir 6. desember (S.B. 1958):

kl. 00:55 (GMT), stærð 3.3  
kl. 00:59 (GMT), stærð 3.6  
kl. 09:44 (GMT), stærð 3.9  
kl. 09:45 (GMT), stærð 3.7  
kl. 09:52 (GMT), stærð 3.2  
kl. 11:13 (GMT), stærð 4.8  
kl. 11:17 (GMT), stærð 3.2  
kl. 11:26 (GMT), stærð 3.6  
kl. 11:46 (GMT), stærð 3.3  
kl. 13:05 (GMT), stærð 3.3  
kl. 13:08 (GMT), stærð 3.3  
kl. 15:32 (GMT), stærð 4.3  
kl. 15:34 (GMT), stærð 4.7  
kl. 15:49 (GMT), stærð 3.6  
kl. 19:01 (GMT), stærð 3.2

Upptök þessarar jarðskjálftahrinu voru nálægt  $66.4^{\circ}\text{N}$ ,  $18.5^{\circ}\text{V}$ ,  
eða um 20 km suðvestur af Grímsey.

58 - 33. 7. - 12. desember 1958. Jarðskjálftamælar sýndu  
að skjálftahrinan, sem hófst rétt fyrir miðnætti 5. - 6. des-  
ember suðvestur af Grímsey, hélt áfram til 12. desember og  
mældust eftirtaldir skjálftar að stærð 3 eða meiri (S.B.  
1958):

7. des. kl. 20:39 (GMT), stærð 3.8  
7. des. kl. 20:41 (GMT), stærð 3.6  
8. des. kl. 04:48 (GMT), stærð 3.4  
8. des. kl. 09:21 (GMT), stærð 3.4  
8. des. kl. 15:15 (GMT), stærð 3.8  
8. des. kl. 16:09 (GMT), stærð 3.1  
11. des. kl. 04:01 (GMT), stærð 3.7  
12. des. kl. 00:00 (GMT), stærð 3.9

- 12. des. kl. 00:04 (GMT), stærð 3.6
- 12. des. kl. 00:35 (GMT), stærð 3.1
- 12. des. kl. 01:26 (GMT), stærð 3.2

Ekki er vitað að þessir jarðskjálftar hafi fundist, en þeir áttu allir upptök á sömu slóðum, sennilega um 20 km suðvestur af Grímsey.

58 - 34. Auk þeirra jarðskjálfta, sem hér hefir verið getið, mældist fjöldi skjálfta á árinu 1958 með upptök um 150 km austan Reykjavíkur. Margir þessara skjálfta mældust einnig í Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri, en fáir á Akureyri. Upptök skjálftanna eru ekki öll á sama stað, þó fjarlægð þeirra frá Reykjavík sé mjög svipuð. Fjarlægð upptakanna frá Vík sýnist vera á bilinu 25-60 km, en frá Kirkjubæjarklaustri 50-80 km. Margir þessir skjálftar hafa litla S-bylgju á Kirkjubæjarklaustri, svo að erfitt er að meta fjarlægðina þaðan. Flestir skjálftanna munu eiga upptök undir Mýrdalsjökli eða norðan hans, norður undir Tungná. Hér eru taldir þeir skjálftar á árinu 1958 sem voru meira en 3 að stærð og áttu upptök á Mýrdalsjökuls- Tungnár svæðinu (S.B. 1958):

- 3. marz kl. 03:33 (GMT), stærð 3.5
- 3. marz kl. 03:38 (GMT), stærð 3.3
- 2. apríl kl. 03:22 (GMT), stærð 3.6
- 19. maí kl. 17:26 (GMT), stærð 4.0
- 15. sept. kl. 08:09 (GMT), stærð 3.4
- 15. sept. kl. 16:12 (GMT), stærð 3.3
- 15. sept. kl. 16:44 (GMT), stærð 3.5
- 29. sept. kl. 17:42 (GMT), stærð 3.2
- 30. sept. kl. 06:16 (GMT), stærð 3.3
- 8. okt. kl. 22:43 (GMT), stærð 3.4
- 8. okt. kl. 23:09 (GMT), stærð 3.1
- 9. okt. kl. 19:06 (GMT), stærð 4.0
- 28. okt. kl. 16:08 (GMT), stærð 3.9
- 29. okt. kl. 13:45 (GMT), stærð 3.7
- 29. okt. kl. 17:39 (GMT), stærð 3.5

11. nóv. kl. 01:57 (GMT), stærð 3.1  
18. nóv. kl. 11:58 (GMT), stærð 3.2  
19. nóv. kl. 00:44 (GMT), stærð 3.1  
22. nóv. kl. 10:05 (GMT), stærð 3.1  
23. nóv. kl. 20:59 (GMT), stærð 3.6  
23. nóv. kl. 23:57 (GMT), stærð 3.3  
24. nóv. kl. 02:25 (GMT), stærð 3.3  
26. nóv. kl. 16:16 (GMT), stærð 3.1  
27. nóv. kl. 08:53 (GMT), stærð 3.2  
2. des. kl. 12:28 (GMT), stærð 3.2  
12. des. kl. 22:42 (GMT), stærð 3.3  
13. des. kl. 09:23 (GMT), stærð 4.3  
19. des. kl. 19:50 (GMT), stærð 3.1

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1959

59 - 1. 2. febrúar 1959. Jarðskjálftamælar sýndu skjálfta kl. 15:54 (GMT), stærð 4.0 með upptök í Vatnajökli á milli Grímsvatna og Kverkfjalla (S.B. 1959).

59 - 2. 24. febrúar 1959. Í Reykjavík fannst mjög væg jarðhræring kl. 10:31. Smáhræring fannst um sama leyti í Krísuvík (SíM. 1959). Maður í Hafnarfirði taldi sig hafa fundið jarðskjálfta aðfaranótt 24. febrúar (R.Ú. 1959). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu skjálfta kl. 06:39 (GMT), stærð 3.6, kl. 06:42 (GMT), stærð 3.0 og kl. 11:30 (GMT), stærð 3.0. Upptök þessara skjálfta voru nálægt Krísuvík (S.B. 1959).

59 - 3. 8. marz 1959. Jarðskjálftamælar sýndu skjálfta kl. 16:40 (GMT), stærð 3.1, með upptök í Vatnajökli, sennilega norðaustur af Grímsvötnum (S.B. 1959).



59 - 4. 15. - 16. maí 1959. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu skjálfta kl. 06:23 (GMT), stærð 3.0 með upptök í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík og 160 km frá Kirkjubæjarklaustri. Þetta bendir til að upptökin hafi verið á Kaldadal. Annar heldur minni skjálfti frá sömu upptökum mældist 16. maí kl. 11:56 (GMT), stærð 2.9 (S.B. 1959).

59 - 5. 26. maí 1959. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu skjálfta kl. 12:11 (GMT), stærð 3.3, með upptök í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík, og 190 km frá Kirkjubæjarklaustri. Þetta bendir til, að upptökin hafi verið nálægt Kleifarvatni, eða þar skammt fyrir austan (S.B. 1959).

59 - 6. 9. - 10. júní 1959. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu fimm hræringar með upptök í um 65 km fjarlægð frá Reykjavík og 140-150 km frá Kirkjubæjarklaustri, eða nálægt Skjaldbreið. Mestu skjálftarnir komu 9. júní kl. 08:03 (GMT), stærð 3.7 og kl. 08:40 (GMT), stærð 3.0 (S.B. 1959).

59 - 7. 16. júní 1959. Jarðskjálftamælar sýndu einn skjálfta kl. 12:03 (GMT), stærð 3.0, með upptök á sama stað og 9. - 10. júní, eða nálægt Skjaldbreið (S.B. 1959).

59 - 8. 28. júní 1959. Fólk, sem statt var við Landmannalaugar fann mjög snarpan jarðskjálfta aðfaranótt 28. júní. Miklir skruðningar heyrðust samfara skjálftanum. Nokkrir smákippir fundust síðar um nóttina (Sím. 1959). Á Búlandi og Ljótarstöðum fannst þessi jarðskjálfti einnig og annar skjálfti fannst síðar um daginn 28. júní (Sím. 1959).

Jarðskjálfti fannst einnig í Hlíð í Skaftártungu, svo og á öllum efstu bæjunum. Á Kirkjubæjarklaustri hefir hann sennilega fundist, en mjög vægt (Sím. 1959).

Jarðskjálftamælar sýndu þrjá allmikla skjálfta, kl. 04:23

(GMT), stærð 4.9, kl. 13:06 (GMT), stærð 4.3 og kl. 13:11 (GMT), stærð 4.0, auk margra smærri skjálfta. Upptök þessara skjálfta voru nálægt  $63.9^{\circ}\text{N}$ ,  $19.2^{\circ}\text{V}$ , eða skammt vestan við Landmannalaugar (S.B. 1959). Sjá einnig 59 - 16.

59 - 9. 20. júlí 1959. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri sýndu skjálfta kl. 02:11 (GMT), stærð 3.8, með upptök við norðurbrún Vatnajökuls nálægt Bárðarbungu (S.B. 1959).

59 - 10. 8. ágúst 1959. Á Eyrarbakka fundust jarðhræringar kl. 21:11 og 21:15, III stig (V.s.b. 1959). Á Selfossi fundust einnig jarðhræringar (Sím. 1959). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og Vík í Mýrdal sýndu þessar hræringar kl. 22:10 (GMT), stærð 2.9 og 22:14 (GMT), stærð 2.9. Upptökin voru í um 50 km fjarlægð frá Reykjavík, en 120 km frá Vík, sennilega vestast í Flóa (S.B. 1959).

59 - 11. 20. - 21. september 1959. Í Sigölduveri við Tungná fundust allmargar jarðhræringar síðdegis 20. september. Smákippur fannst um kl. 3, 21. september og vökn-uðu sumir, sem sváfu þar í tjöldum (Sím. 1959). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu smáhræringu 20. september kl. 21:40 (GMT), stærð 2.8, en ekki aðrar, sem gætu átt við ofangreinda frétt. Á þessum tíma mældust nær daglega jarðhræringar, sem áttu upptök um 150 km frá Reykjavík (Sjá 59 - 16.).

59 - 12. 27. október 1959. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri sýndu jarðhræringar kl. 03:23 (GMT), stærð 2,8 og kl. 03:29 (GMT), stærð 3.3 með upptök í um 50 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega við Reykjanes (S.B. 1959).

59 - 13. 3. nóvember 1959. Jarðskjálftamælar sýndu skjálfta kl. 15:34 (GMT), stærð 3.3 og kl. 15:36 (GMT), stærð 3.1 með upptök við norðurbrún Vatnajökuls nálægt Bárðarbungu

(S.B. 1959).

59 - 14. 8. desember 1959. Í Grímsey fannst snarpur jarðskjálfti kl. 07:08 um morguninn (Mb. 9. des. 1959). Á Máná á Tjörnesi fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 08:08. Hann fannst einnig á Húsavík (B.V. 1959). Jarðskjálftamælar sýndu þennan skjálfta kl. 08:09 (GMT), stærð 4.9. Upptökin voru nálægt 66,9°N, 18.5°V, eða um 40 km í norðvestur frá Grímsey.

59 - 15. 28. desember 1959. Jarðskjálftamælar sýndu tvo skjálfta, kl. 10:26 (GMT), stærð 4.4 og kl. 11:44 (GMT), stærð 3.5 með upptök nálægt 63.7°N, 23.3°V eða um 30 km suðvestur af Reykjanesi (S.B. 1959).

59 - 16. Auk þeirra skjálfta, sem að ofan getur, mældust fjölmargir skjálftar í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík og 20-70 km fjarlægð frá Vík í Mýrdal. Sumir þessara skjálfta áttu upptök undir Mýrdalsjökli, en aðrir áttu upptök norðan jökulsins, allt norður að Landmannalaugum. Yfirleitt var erfitt að ákvarða fjarlægð þessara skjálfta frá Vík, og eins frá Kirkjubæjarklaustri eftir að starfræksla jarðskjálftamælis hófst þar. Þessir erfiðleikar stafa af því að S-bylgjur þessara skjálfta eru mjög óljósar á þessum stöðvum. Af þessum sökum eru ekki gerðar alvarlegar tilraunir nú til að flokka þessa skjálfta eftir upptakastað, en þeir mestu, stærð meira en 3, eru taldir hér að neðan. Örfáir þeirra (59 - 8. og 59 - 11.) hafa verið nefndir áður, en eru taldir aftur til að listinn verði fullkomnari (S.B. 1959).

6. jan.	kl. 02:36 (GMT),	stærð 3.2
13. jan.	kl. 11:41 (GMT),	stærð 3.8
18. febr.	kl. 21:56 (GMT),	stærð 4.0
25. febr.	kl. 04:41 (GMT),	stærð 4.0
28. febr.	kl. 17:35 (GMT),	stærð 4.0
8. maí	kl. 15:52 (GMT),	stærð 3.6
5. júní	kl. 04:31 (GMT),	stærð 3.7

25. júní kl. 17:51 (GMT), stærð 3.1  
28. júní kl. 04:23 (GMT), stærð 4.9  
28. júní kl. 04:40 (GMT), stærð 3.1  
28. júní kl. 13:06 (GMT), stærð 4.3  
28. júní kl. 13:08 (GMT), stærð 3.2  
28. júní kl. 13:11 (GMT), stærð 4.0  
4. júlí kl. 15:26 (GMT), stærð 3.1  
14. júlí kl. 17:30 (GMT), stærð 3.8  
14. júlí kl. 17:37 (GMT), stærð 3.1  
14. júlí kl. 17:40 (GMT), stærð 3.4  
22. júlí kl. 15:00 (GMT), stærð 3.7  
28. júlí kl. 17:15 (GMT), stærð 3.8  
10. ágúst kl. 20:23 (GMT), stærð 3.7  
11. ágúst kl. 01:33 (GMT), stærð 3.2  
11. ágúst kl. 08:01 (GMT), stærð 3.6  
11. ágúst kl. 08:22 (GMT), stærð 3.1  
15. ágúst kl. 18:26 (GMT), stærð 3.6  
21. ágúst kl. 00:38 (GMT), stærð 3.3  
21. ágúst kl. 13:03 (GMT), stærð 3.2  
3. sept. kl. 03:14 (GMT), stærð 3.4  
22. sept. kl. 01:05 (GMT), stærð 3.4  
22. sept. kl. 01:33 (GMT), stærð 3.3  
6. nóv. kl. 02:50 (GMT), stærð 3.7  
19. nóv. kl. 23:46 (GMT), stærð 3.2  
23. nóv. kl. 02:28 (GMT), stærð 3.1

Auk þeirra skjálfta, sem hér eru taldir, mældist fjöldi skjálfta að stærð 3 eða minni, með upptök undir Mýrdalsjökli eða skammt þar fyrir norðan.

HEIMILDIR

- S.B. Seismological Bulletin, gefið út á Veðurstofu Íslands  
B.V. Bréfasafn Veðurstofu Íslands  
Sí. Úr símtölum, skráð á Veðurstofu Íslands  
V.b. Veðurbækur, skjalasafn Veðurstofu Íslands  
Mb. Morgunblaðið, Reykjavík  
V. Veðráttan, gefið út á Veðurstofu Íslands  
VÍ. Vísir, Reykjavík  
V.s. Veðurskýrslur, skjalasafn Veðurstofu Íslands  
V.s.b. Veðurskeytabækur, skjalasafn Veðurstofu Íslands  
R.Ú. Ríkisútvarpið, Reykjavík  
Ab. Alþýðublaðið, Reykjavík  
Tí. Tíminn, Reykjavík  
Da. Dagur, Akureyri

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi árið 1953,  
Náttúrufræðingurinn, 24, bls. 1-6 (1954).

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi árin 1954 og  
1955, Náttúrufræðingurinn, 26, bls. 77-78 (1956).

Eysteinn Tryggvason: Earthquakes, Jökulhlaups and subglacial  
eruptions, Jökull, 10, bls. 18-22 (1960).

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi árin 1956,  
1957 og 1958, Náttúrufræðingurinn, 29, bls. 84-91  
(1959).

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939,  
Raunvísindastofnun Háskólans, RH-78-21 (1978a).

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi 1940-1949,  
Raunvísindastofnun Háskólans, RH-78-22 (1978b).



